

Dauður hestur og náttúra



Spáir Systrum fjórða sætinu



Menning > 18

Lífið > 20

FRÉTTABLAÐIÐ

86. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 4. MAÍ 2022



SÁA hefur nú hafið árlega álfasölu sína til að fjármagna starfsemi samtakanna sem bjóða upp á meðferð við áfengisfíkn og annarri fíkn. Willum Þór Þórsson ýtti átakanu úr vör með því að kaupa fyrsta álfinn sem að þessu sinni er töfraálfur. Fulltrúar SÁÁ munu næstu fjóra daga fara út á meðal fólks og bjóða töfraálfinn til kaups. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**

Fjörutíu prósent á kjörskrá í Vík innflytjendur

Í Mýrdalshreppi er helmingur íbúa innflytjendur og með nýjum lögum hafa þeir fjórfaldast á kjörskrá. Mikið vantar enn upp á kjörsókn.

bth@frettabladid.is
kristinnhaukur@frettabladid.is

KOSNINGAR Dæmi er um að fjöldi innflytjenda á kjörskrá sveitarfélaga hafi fjórfaldast með nýjum kosningalögum frá því um áramót.

Einar Freyr Elínarson, oddviti Mýrdalshrepps, segir að með breytingu á kosningalögum um áramótin hafi fjöldi kjósenda af erlendum uppruna þar farið úr 56 manns í 211. Eru það 42 prósent þeirra sem

eru á kjörskrá þar að þessu sinni.

Helstu breytingar á lögum eru að skemmri tíma þarf nú til að fá kosningarétt og Norðurlandabúar fá réttinn er þeir flytja lögheimili.

Kosið verður til sveitarstjórna um aðra helgi. Fréttablaðið sagði frá því nýlega að sumir íbúar af erlendum uppruna í Breiðholti vissu ekki af eigin kosningarétti.

Einar Freyr segir sömu sögu á Suðurlandi. Griðarleg breyting hafi orðið á samfélagsgerðinni. Nefnir oddviti sem dæmi að kosningafundur Framsóknarmanna í Mýrdalshreppi hafi farið fram á ensku.

„Áskorunin er að ná til allra, virkja alla,“ segir Einar Freyr.

Mýrdalshreppur hefur hæsta



Það vantar tengingu við kjörna fulltrúa og upplýsingar um hversu mikilvægar kosningararnar eru.

Nichole Leigh Mosty, forstöðumaður Fjölmenningsseturs

hlutfall innflytjenda, 47,3 prósent. Í Skaftárhreppi og Súðavíkurhreppi er hlutfallið um þriðjungur og fjórðungur í Reykjanesbæ. Í Reykjavík er hlutfallið 13,6 prósent, sem er nærri landsmeðaltali.

Sjálfstæðisflokkurinn í Fjarðabyggð er eitt þeirra framboða sem leggja áherslu á að ná til innflytjenda. Hefur efni verið birt á ensku og pólsku. Framboðsfundir um grunnatriði voru haldnir á pólsku.

Ragnar Sigurðsson, oddviti í Fjarðabyggð, segir að með því að tala til þessa hóps á hans móðurmáli finnst fólki það meira velkomið og sé líklegra til að kjósa.

Í Fjarðabyggð eru um 350 Pólverjar á kjörskrá af rúmlega 800

innflytjendum. Þar hefur innflytjendum fjölgað mikið á kjörskrá líka.

„Við bindum vonir við að kjörsókn meðal innflytjenda rjúki upp í þessum kosningum,“ segir Ragnar.

Samkvæmt rannsókn Háskólans á Akureyri frá 2019 var þátttaka innflytjenda í sveitarstjórnarkosningunum árið 2018 aðeins 30,3 prósent.

„Það vantar tengingu við kjörna fulltrúa og upplýsingar um hversu mikilvægar kosningarnar eru,“ segir Nichole Leigh Mosty, forstöðumaður Fjölmenningsseturs. Mikilvægt sé að fólk fái upplýsingar um hvar sé kosið, hvernig og um hvað. ■

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA
AFHENDING

Mörg vilja stýra framhaldsskólum

gar@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Alls barst 21 umsókn um þrjár stöður skólameistara.

Um starf rektors MR sóttu Ágústa Elín Ingbórsdóttir, fyrrverandi skólameistari, Einar Hreinsson konrektor, Grégory D. Ferdinand Cattaneo, Kolfinna Jóhannesdóttir og Sólveig Guðrún Hannesdóttir.



Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, skipar í embættin frá 1. ágúst.

Umsækjendur um starf skólameistara Kvennaskólans eru Alma Oddgeirsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Ágústa Elín Ingbórsdóttir, fyrrverandi skólameistari, Ásta Laufey Adalsteinsdóttir skólameistari, Einar Hreinsson konrektor, Hulda B. Kjærnestad Baldursdóttir, Kolfinna Jóhannesdóttir og Þorkell Hjálmarsson Diego yfirkennari.

Um starf skólameistara MA sóttu Alma Oddgeirsdóttir, Ásta Fönn Flosadóttir skólastjóri, Karl Frímannsson, Kristín Elva Viðarsdóttir, Ómar Örn Magnússon, Sigurlaug A. Gunnarsdóttir aðstoðarskólameistari og Þuríður Helga Kristjánsdóttir. ■

Kjóraðstæður í Holtagörðum



Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á höfuðborgarsvæðinu vegna komandi sveitarstjórnarkosninga fer nú fram í verslunarmiðstöðinni Holtagörðum. Er ljósmyndari Fréttablaðsins leit þar við um tvöleytið í gær var fát um manninn fyrir utan starfsfólk sem fylgdist vel með öllu og tryggði að allt færi fram eftir settum reglum. Opið er frá 10 til 22 en á kjördag er lokað fyrir utankjörfundaratkvæðagreiðsluna klukkan 17. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNI**



Frú Vigdís Finnbogadóttir var meðal viðstaddra í HR í gær. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Fögnuðu tíu árum menntunarsjóðsins

elin@frettabladid.is

SAMFÉLAG Menntunarsjóður Mæðrastyrksnefndar sem hefur stutt hundruð tekjulágra kvenna til náms fagnaði tíu ára afmæli sínu í gær.

Velunnarar Menntunarsjóðsins, Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti, Nína Dögg Filippusdóttir leikkona, Kristín Ingólfsdóttir fyrr-

verandi háskólarektor, Birna Einarsson dóttir bankastjóri Íslandsbanka og Katrín Tanja Davíðsdóttir heimsmestari í CrossFit, fögnuðu deginum ásamt gestum í Háskólanum í Reykjavík.

Menntunarsjóðnum er ætlað að styrkja tekjulágar konur og mæður til menntunar svo að þær eigi betri möguleika á góðu framtíðarstarfi. ■

Jarðböðin í Mývatnssveit fá veglega andlitslyftingu

Búið er að taka fyrstu skóflustunguna að nýrri aðstöðu Jarðbaðanna í Mývatnssveit en framkvæmdir munu kosta um tvo milljarða. Gamla náttúrulega gufubaðið verður þó áfram á sínum stað.

benediktboas@frettabladid.is

MÝVATN Fyrsta skóflustunga að nýrri aðstöðu Jarðbaðanna við Mývatn var tekin í byrjun vikunnar en undirbúningur hófst 2016.

Byggingin verður um 2.300 fermetrar með veitingarými, aðstöðu til fundarhalds, inni- og útklefa, slökunarrými og nuddaðstöðu, svo fát eitt sé nefnt. Byggingin verður á einni hæð og lónið lagð að henni þannig að gestir geti farið beint ofan í, ásamt því að upplifunarsvæðum í lóninu verður fjölgað.

„Það er verið að nútímavæða staðinn. Uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina. Kröfurnar eru orðnar meiri og við erum að gera okkar með þessum framkvæmdum,“ segir Guðmundur Þór Birgisson, framkvæmdastjóri Jarðbaðanna.

Jarðböðin voru opnuð árið 2004 en á staðnum hafa verið stunduð heit jarðböð til heilsubótar allt frá landnámsöld. Snemma á 13. öld vígði Guðmundur góði biskup gufuhölu við Jarðbaðshóla sem notuð var til gufubaða. Hún mun standa á sínum stað þrátt fyrir breytingarnar.

„Gamla gufubaðið er auðvitað eitt af kennileitum lónsins. Það fer ekki neitt. Það er alls konar óskalisti um hvað maður vill gera og bæta upplifun gestanna eins og til dæmis köld laug. Það spyrja margir hvar kalda laugin sé,“ segir Guðmundur.

Hann segir að hugmyndir um að uppfæra núverandi aðstöðu hafi fæðst árið 2015 og farið af



Ný aðstaða Jarðbaðanna á að kosta um tvo milljarða króna. **MYND/JARÐBÖÐIN**



Fyrsta skóflustungan var tekin að nýrri byggingu sem verður á einni hæð og geta gestir farið beint ofan í lónið.



Kröfurnar eru orðnar meiri og við erum að gera okkar með þessum framkvæmdum.

Guðmundur Þór Birgisson, framkvæmdastjóri Jarðbaðanna

stað ári síðar. Hönnuðir eru Basalt arkitektar, Design Group Italia og Efla verkfræðistofa, sem allir hafa komið að hönnun fjölda baðstaða og því mikil þekking og reynsla í hönnunarhópnum.

Vegna Covid hafi hugmyndirnar farið á ís en nú eigi að láta hendur standa fram úr ermum.

„Það þarf allt að ganga upp auðvitað en við erum bjartsýn á að geta opnað eftir tvö ár nýtt og glæsilegt lón,“ segir Guðmundur. ■

FOSSBERG

tilboðsblaðið fylgir Fréttablaðinu í dag



Álfurinn

Kaupum Álfinn og látum
töfrana gerast með
hjálp SÁÁ.



Tökum sölufólkinu
fagnandi!

Ár flæða yfir bakka og valda flóðum í Íslendingabyggðum

kristinnhaukur@frettabladid.is

KANADA Gríðarleg flóð eru í Íslendingabyggðunum í Manitoba í Kanada núna og tvær ár flæða yfir bakka sína, Fisher-áin og Íslenska áin. Samkvæmt viðbragðsaðilum í fylkinu er ekki óhætt að ferðast á sumum stöðum.

Manitoba-búar eru ekki óvanir flóðum á vorin og sum árin hafa komið stórfloð með miklu tjóni.

Flóðin eru vegna mikillar úrkomu og snjóbráðar. Enn hafa svæði ekki verið rýmd en íbúar hafa verið hvattir til að fylgjast vel með og vera viðbúnir ef þurfi.

Alls hafa yfirvöld í átján bæjum lýst yfir neyðarástandi vegna flóðanna. Einnig hafa yfirvöld á fjórum frumbyggjassvæðum gert það sama.

Einkum eru það svæði norðaustan við Winnipeg-borg sem eru í hættu. Í bæjunum Árborg og Bif-

röst hafa viðbragðsaðilar gripið til þess að setja sandpoka við heimili fólks.

Á þessum svæðum eru vegir víða ófærir vegna vatnseisls. Þó að flóðin séu verst norðan við Winnipeg eru einnig flóð sunnan og vestan við borgina.

Í bænum Fischer Branch báðu yfirvöld íbúa að pakka helstu nauðsynjum og gera sig reidubúna að yfirgefa heimili sín. ■



Viðbragðsaðilar vinna myrkranna á milli í Manitoba.

MYND/ST. LAURENT BÆR

Verð á húsnæði hækkar áfram

ser@frettabladid.is

FASTEIGNIR Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hækkar áfram að því er fram kemur í nýjum hag-tölum. Hækkunin var 3,1 prósent í mars, nær fjórföld hækkun miðað við meðalmánuð undanfarin sjö ár.



Halldór Kári Sigurðarson, hagfræðingur Húsaskjól

Halldór Kári Sigurðarson, hagfræðingur Húsaskjól, segir á fasteignavef Fréttablaðsins tíðindin áminningu um hve lengi seljendmarkaður hefur varað hér á landi. ■

Orkan þurfi að rata í orkuskiptin

bth@frettabladid.is

ORKUMÁL Halla Hrund Logadóttir orkumálastjóri sagði á degi umhverfisins í gær að þótt orkuskipti væru lykilmörkmið stjórnvalda væri ekki sjálfgefið að orka rataði í orkuskiptiverkefni vegna samkeppni um orkuna. Með vaxandi eftirspurn eftir orku í Evrópu breyttist staða íslenskrar orku. ■



Halla Hrund Logadóttir, orkumálastjóri

Hafa ekki enn fengið gögn sem þeim ber um Brákarey og dómstólar bíða

Eigandi frumkvöðlasetursins sem missti húsnæðið eftir lokun Borgarbyggðar telur að málið endi fyrir dómstólum. Margar stjórnslukærur hafa verið sendar inn.

kristinnhaukur@frettabladid.is

BORGARBYGGÐ Félagið Ikan ehf. í Borgarbyggð hefur ekki enn fengið gögn frá Borgarbyggð sem félaginu ber samkvæmt úrskurði Úrskurðarnefndar um upplýsingamál frá 31. mars. Eigandi félagsins, sem hafði starfsemi við Brákarbraut í Borgarnesi, segir kærumálin halda áfram. Líklega endi málið fyrir dómstólum.

Ikan er frumkvöðlasetur og bátasmiðja sem leigði aðstöðu hjá Fornbílafjelagi Borgarfjarðar við Brákarbraut 25 til 27 í Brákarey. Snemma árs 2021 var öllum félögum fjórtán sem höfðu þar aðstöðu gert að stöðva starfsemi vegna ónógra brunavarna. Þar á meðal Skotfélagi Vesturlands, Golfklúbbi Borgarness og Bifhjólafélaginu Röftum.

Samkvæmt úrskurðinum átti Ikan að fá yfirlit úr málaskrá yfir öll erindi varðandi Brákarbraut 25 til 27 frá 1. nóvember árið 2020 til 2. apríl árið 2021, kauptilboð og tölvupósta vegna kaupa.

Þorsteinn Máni Arnason, eigandi Ikan, segir að síðan málið hófst hafi hann margsinnis sent inn stjórnslukærur og ekki sjái fyrir endann á þessu ferli. Málið muni án vafa enda fyrir dómstólum. Hann telur framkvæmd lokunarinnar og úttekt hafa verið bágborna.

Ikan er ekki tómsunda- eða frístundafélag og á því ekki rétt á aðstoð Borgarbyggðar við að finna nýtt húsnæði og styrk samkvæmt nýjum reglum sveitarfélagsins.



Fiskibáturinn sem er í inn-sigluðu húsinu í Brákarey.

FRÉTTABLAÐIÐ/
JÓN SIGURÐUR



Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort húsnæðið verður selt eða rífið.



Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar

Eftir að hafa verið úthýst úr húsinu hafi Ikan haft minni háttar framleiðslu í tjaldi í Brákarey. Flest tæki, töl og stór fiskibátur, sem hafi verið lengi í smíðum, sé inni í húsinu.

„Þarna inni eru innilokaðar allar okkar eigur,“ segir Þorsteinn. Verðmætið áætlað er á bilinu 140 til 150 milljónir króna. „Ef ég myndi rjúfa innsiglið þýðir það fjögur ár í fangelsi.“

Fornbílafélagið var með leigusamning við Borgarbyggð til ársins 2035 en honum hefur nú verið rift. Ikan er með leigusamning við Fornbílafélagið til ársins 2025. Ikan hefur verið í húsinu í um 15 ár.

Þann 11. febrúar árið 2021 var félögum gert að stöðva starfsemi eftir úttekt eldvarnareftirlitsins og byggingarfulltrúa. Nokkrum vikum

seinna var húsið innsiglað og eru munir ennþá þar inni.

Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar, segir að félög geti nálgast hluti þó að húsnæðið sé innsiglað.

„Félögin eru mörg að fara út úr húsnæðinu þessa dagana. Þau þurfa að hafa samband við tengilið hjá bænum þegar þau vilja sækja hluti,“ segir Þórdís.

Samkvæmt verkfræðiskýrslu kostar meira en 650 milljónir króna að lagfæra húsið. Þórdís segir hluta af því ónýtan en annan hluta hægt að laga. Ekki liggur þó fyrir hvort það verði gert.

„Sveitarfélagið er ekki að fara í uppbyggingu á húsnæðinu. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort húsnæðið verður selt eða rífið,“ segir Þórdís. ■



FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttavaktin er fjölbreytt fréttu-umfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslíð fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT

Parki
INTERIORS

Parket

Parki býður hágæða gólfefni frá þekktum alþjóðlegum birgjum.

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnspolnu harðparketi og vínyparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14**.

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf.




Parki
INTERIORS

Dalvegi 10-14
201 Kópavogi
595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors



parki.is





Heiðmörk brann fyrir ári er gríðarmiklir gróðureldar kviknuðu og skildu eftir sig slóð eyðileggingar. Skjólán kom þá að góðum notum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Slökkvískjóra biluð ári eftir stórbruna

benediktboas@frettabladid.is

BRUNAVARNIR Bilun kom upp í slökkvískjólu Landhelgisgæslunnar. Er beðið eftir varahlut sem væntanlegur er síðar í vikunni, jafnvel í dag. Eftir það verður skjólán tilbúin til notkunar. Til að tryggja flugöryggi þurfa allir varahlutir að vera vottaðir og framleiddir eftir ákveðnum stöðlum og því þarf að panta varahlutinn að utan.

Slökkvistarf á landi er ekki lög- bundið hlutverk Landhelgisgæslunnar. Hins vegar er Gæslan tilbúin að aðstoða við slökkvistörf með þyrlum sínum eins og kostur er.

Stutt er síðan Fréttablaðið fjallaði um að mikil uppgæðsla landsins og hlýrra veðurfar ylli meiri hættu á gróðureldum en áður.

Eldri sumarhúsabyggðir þar sem áður voru móar og melar eru nú þéttgróid kjarrlendi og skipulag flóttaleiða ekki gott.

Gæslan fékk slökkvískjólu árið 2007 frá Brunamálastofnun Íslands. Undanfarnin ár hefur búnaðurinn þurft æ meira viðhald og í fyrria var ljóst að slökkvískjólan væri ónýtt.

„Þá var ráðist í að kaupa nýja slökkvískjólu en Landhelgisgæslan benti á nauðsyn þess að keyptar væru allt að þrjár slökkvískjólur og útbúnaður tengdur þeim til að nota við slökkvistörf með þyrlu þar



Landhelgisgæslan segir brunamál heyra undir innviðaráðuneytið.

sem um viðhaldsrekan búnað er að ræða. Slökkvískjólan sem keypt var í fyrria var fjármögnuð af rekstrarfé Landhelgisgæslunnar,” segir í svari Gæslunnar til Fréttablaðsins.

Þar er bent á að Gæslan hafi vakið athygli á því við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun á undanförunum árum að nauðsynlegt sé að tryggja framtidarfyrirkomulag og fjármögnun slíks búnaðar.

„Landhelgisgæslan geti ekki séð um rekstur slökkvískjóluna enda ekki gert ráð fyrir slíku í fjárframlögum til stofnunarinnar. Í fyrria áætlaði Landhelgisgæslan að tvær slökkvískjólur til viðbótar ásamt viðeigandi búnaði til að sinna slökkvistörfum með þyrlu kostaði á bilinu 80-90 milljónir. Brunamál falla undir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem heyrir undir innviðaráðuneyti.“ ■

Landeigandinn lítur svo á að Hnútuvírkjun sé í höfn

Fagstofnanir eru gagnrýnar á vírkjun í Hverfisfljóti. Framkvæmdaaðili segist ekki geta haft áhrif á skoðanir annarra.

bth@frettabladid.is

SKAFTÁRHREPPUR Hnútuvírkjun í Hverfisfljóti í Skaftárhreppi er afrakstur áratuga fyrirætlunar Ragnars Jónssonar, framkvæmdaaðila á Dalshöfða, um að framleiða rafmagn með því að beisla fallvatn í héraði.

„Ég hef verið með þetta mál í farvegi yfir 20 ár,” segir Ragnar en hann er landeigandi að vírkjunarsvæðinu og framkvæmdaaðili á Dalshöfða.

Meirihluti sveitarstjórnar Skaftárhrepps samþykkti tillögu um skipulag vírkjunarinnar í síðustu viku þrátt fyrir hörð mótmæli minnihlutans.

Tveir af fimm sveitarstjórnarfulltrúum telja óafturkræf spjöll hljótast af vírkjuninni sem fyrirhugað er að verði rennslisvírkjun.

Ragnar stefndi fyrst að 40 megavatta vírkjun en Hnútuvírkjun verður undir 10 megavöttum sem þýðir að hún er undanþegin rammaáætlun. Hann segir að vírkjunin hafi nú gengið í gegnum umhverfismat og deiliskipulag. Endapunkturinn hafi orðið með jákvæðri samþykkt sveitarstjórnar Skaftárhrepps í síðustu viku og líti hann svo á að málið sé í höfn.

„Ég get ekki breytt skoðunum fólks sem er á móti þessu,” segir Ragnar, spurður um viðbrögð við stórum orðum sem fallið hafa.

Hann segir að eftir því sem rafmagn berist víðar inn í orkukerfið batni afhendingaröryggi. Að öðru leyti vilji hann ekki tjá sig frekar.

Minnihlutinn í Skaftárhreppi gagnrýndi í bókun að fagstofnanir hefðu ekki úrslitaáhrif í svo viðkvæmu máli heldur sveitarfélagið. Í umsögn Skipulagsstofnunar segir að Lambhagafossar séu staðsettir milli inntaks vírkjunar og stöðvarhúss.



Eldhraun, mosi og fossar skaðast að mati fagstofnana sem gert hafa athugasemdir við Hnútuvírkjun. Myndin er af Lambhagafossum. MYND/ADSEND



Ég get ekki breytt skoðunum fólks sem er á móti þessu.

Ragnar Jónsson, framkvæmdaaðili Hnútuvírkjunar

„Virkjun Hverfisfljóts mun skerða rennslisfossanna í flestum mánuðum ársins,” segir Skipulagsstofnun og nefnir fleiri neikvæð umhverfisáhrif til sögunnar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar segir að vírkjunin valdi óafturkræfu raski á Skaftáreldahrauni sem hafi alþjóðlegt verndargildi og sé að mestu óröskuð heild.

„Náttúrufræðistofnun Íslands telur að ef að skipulagsáform þessi verða samþykkt og Hnútuvírkjun í Hverfisfljóti verði að veruleika, þá muni umtalsverðum einstökum náttúruverðmætum verða raskað, að stórum hluta til á óafturkræfan hátt. Sú ákvörðun yrði einnig á skjön við álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vírkjunarinnar.”

Í áliti Umhverfisstofnunar segir að mosinn í Skaftáreldahrauni dragi fram form jarðmyndunarinnar og hafi að mati stofnunarinnar mikið verndargildi.

Allar líkur eru á, samkvæmt fulltrúum minnihlutans í Skaftárhreppi, að samþykkt meirihluta Skaftárhrepps um vírkjunina verði kærð. ■

PORTÚGAL

BEINT FLUG

9 DAGA FERÐ, FLUG, GISTING OG FARARSTJÓRN

29. MAÍ – 07. JÚNÍ

CLUBE ALBUFEIRA 3*

SUPERIOR ÍBÚÐ

VERÐ FRÁ 87.900 KR

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 124.900 KR. FYRIR 2 FULLORÐNA

29. MAÍ – 07. JÚNÍ

GRAND MUTHU FORTE 4*

ÍBÚÐ MEÐ 1 SVEFNHERBERGI

VERÐ FRÁ 89.900 KR

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 195.900 KR. FYRIR 2 FULLORÐNA

INNIFALIÐ: FLUG, GISTING, INNRIÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS



Kennslustofan á lóð Réttarholtsskóla ofan Langagerðis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kennslustofa með ógilt byggingarleyfi

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Byggingarleyfi sem veitt var vegna færanlegrar kennslustofu við Réttarholtsskóla hefur verið fellt úr gildi eftir kærnu frá íbúa í næstu götu.

Kennslustofunni var komið fyrir í fyrirasumar. Íbúi í Langagerði hreyfði strax andmælum en borgin vísaði þeim á bug. Sneri íbúinn sér þá til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Sagði íbúinn kennslustofuna ekki færanlega, talsvert stóra og mjög nærri lóðarmörkum hans. Húsið væri í engu samræmi við aðrar byggingar Réttarholtsskóla og að það truflaði útsýni hans verulega. Grenndarkynna hefði átt málið.

Reykjavíkurborg sagði stofuna, hafa verið setta upp er miklar raka-skemmdir komu upp í einni álmu Réttarholtsskóla. Mikilvægt hafi verið að tryggja skólafélagið, ekki sist vegna þeirrar röskunar sem þá hafi þegar orðið vegna kórónaveirufaraldursins.

Úrskurðarnefndin sagði að líta yrði til þess að kennslustofan væri einungis í rúmlega tuttugu metra fjarlægð frá húsi þess sem kærði.

„Er og ljóst að hún hefur grenndaráhrif gagnvart umræddri fasteign kæranda vegna útsýnis og nálægðar,” sagði nefndin. Því hafi átt að grenndarkynna framkvæmdina fyrir nágrennanum. Það hafi ekki verið gert og því óhjákvæmilegt að fella byggingarleyfið úr gildi. ■

NÓA

VÆNTANLEGT!



HANN ER AÐ KOMA AFTUR

Lungamjúkt og ómótstæðilegt Tromp falið inn í stökku og krispí mjólkursúkkulaði. Smakkaðu í hvelli!

■ Skoðun

Guðmundur Gunnarsson



Mál sem súrna

Í bankasölumálinu hafa nær allir sem standa í hringiðunni miðri hvatt til þess að við öndum ofan í kviðinn og biðum átekta eftir niðurstöðum rannsóknna.

Það er alveg rétt. Það er alltaf gott að draga andann djúpt og fá fleiri staðreyndir á borðið.

Enn sem komið er liggur þó ekki alveg fyrir hvað á að skoða. Afmörkun úttektar Ríkisendurskoðunar getur enn tekið breytingum samkvæmt þeirra eigin svörum.

Það er engin ástæða til að ætla starfsfólki eftirlitsstofnana annað en að það muni vanda til verka.

En að starfandi ríkisendurskoðandi skuli vera einn af þeim sem hafa sóst eftir að vera aðnir í stöðuna til frambúðar getur varla talist ákjósanleg staða.

Starfandi ríkisendurskoðandi er þannig beinlínis að rannsaka störf fólksins sem hann er að sækja um vinnu hjá. Einhverjir myndu nú segja sig frá slíku verkefni. Svona til að eyða efasemdum um beina hagsmuni.

Hinn angi rannsóknar snýr að Fjármálaeftirlitinu. Og aftur, þar starfar strangheidarlegt og vandað fólk.

En eins og í tilviki Ríkisendurskoðunar verður að teljast óheppilegt hvernig eftirlitið tengist ráðuneyti fjármála og efnahagsmála beint.

Málið mun væntanlega koma inn á borð fjármálaeftirlitsnefndar, samkvæmt verklýsingu nefndarinnar.

Í því ljósi getur varla talist traustvekjandi að þrjár af fimm fulltrúum nefndarinnar séu skipaðir af fjármálaráðherranum sjálfum. Þar af er einn núverandi nefndarmaður skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu. Og náinn samstarfsmaður ráðherra.

Og þá komum við aftur að þessu með traustið. Og armslengdina. Ef eitthvert mál hefur sýnt okkur fram á mikilvægi þess að vinnubrögð séu hafin yfir vafa þá er það þetta blessaða bankasölumál.

En öndum djúpt. Enn um sinn. Þótt allir séu sammála um að klára þessar rannsóknir hratt og vel.

Eða hvað? Er kannski langbest fyrir þá sem staðið hafa í eldlinunni að úttektirnar taki sem lengstan tíma? Í þeirri von að málið sofi. Láta það súrna aðeins í sumarhitunum.

Nei, það getur ekki verið. Til þess er málið of stórt. ■

Eftirspurn eftir rafbílum hefur aukist

Rafbílar njóta sívaxandi vinsælda en eftirspurn eftir þeim hefur aukist töluvert á undanförunum misserum. Viðmælendur Markaðarins segja að líklegt sé að hún muni aukast enn frekar á komandi mánuðum og árum.

magdalena@frettabladid.is

Tómas Kristjánsson, formaður Rafbílasambands Íslands, segir að eftirspurn eftir rafmagnsbílum hafi aukist töluvert á undanförunum misserum og að líkur séu á því að hún haldi áfram að aukast þegar fram líða stundir.

„Það er nóg að rýna í innflutningstölur á rafbílum til að sjá hversu mikil sprenging hefur orðið. Samkvæmt tölum frá Samgöngustofu eru 13.106 rafbílar á skrá hér á landi í dag. Á árinu 2018 voru 800 rafbílar fluttir inn, ári seinna voru þeir 1.100, árið 2020 voru þeir 2.600 og á síðasta ári voru það 4.300 rafbílar,“ segir Tómas og bætir við að eftirspurn eftir rafbílum muni koma til með að aukast enn frekar.

„Við höfum áætlað eftirspurn eftir rafbílum til ársins 2030 og er sú spá algjörlega í anda þessa veldisvaxtar sem hefur verið undanfarið þrjú ár. Miðað við okkar áætlanir munu á árinu 2026 verða fluttir inn 13.000 rafbílar sem er stjarnfræðileg tala miðað við hver staðan var á markaðnum fyrir þremur árum síðan.“

Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota, segir að líklegt sé að áhugi á fjölbreyttum kostum í orkugjöfum eigi enn eftir að aukast og að bílaframleiðendur keppist við að svara þessum áhuga.

„Við eigum enn eftir að sjá fjölbreytnina aukast og enn eru áhuga-



Tómas Kristjánsson, formaður Rafbílasambands Íslands, segir eftirspurn eftir rafbílum munu koma til með að aukast á komandi misserum.

FRÉTTABLAÐID/
VALLI



Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota

verðir kostir sem biða frekari þróunar. Má þar sérstaklega nefna nýtingu vetnis sem ætti að henta okkur Íslendingum vel,“ segir Úlfar og bætir við að eftirspurn eftir rafbílum hafi verið fyrir hendi um nokkurra ára skeið. „Úrval hefur aukist mikið og kröfur til rafbíla hafa aukist. Rafbílar henta vel vegna lágs raforkuverðs en það sem helst vinnur á móti þeim er kalt loftslag og skortur á innviðum.“

Tómas segir að biðtíminn eftir rafbílum geti verið nokkrir mánuðir og að hún sé lengri en eftir hefðbundnum eldsneytisbílum. „Í kjölfar Covid urðu framleiðslu- og afhentingsþæðingar og það hefur haft áhrif á framleiðslu á bílum um allan heim. Það kom alveg jafnmikið niður á rafbílum og eldsneytisbílum en það eru lengri biðlistar eftir rafbílum en eldsneytisbílum. Það hefur með það að gera að nú orðið er eftirspurnin eftir rafbílum orðin svo miklu meiri.“

Úlfar segir að vegna skorts á innviðum finni fyrirtækið fyrir auknum áhuga á plug-in bílum. „Við erum að fá til okkar rafmagnsbíla í hverjum mánuði, Lexus UX og Toyota Proace sendibílinn. Við munum síðan kynna fyrsta rafmagnsjeppinginn, BZ4X, frá Toyota í sumar og hefur hann

selst vel í forsölu. Fyrstu bílarnir verða afhentir um leið og við kynnum bílinn en búast má við að það taki fram á haust að afgreiða bílana sem þegar hafa verið pantaðir af viðskiptavinum.“

Tómas segir að bílaframleiðendur séu bundnir af Evrópureglugerð sem kveður á um að heildarútblástur frá bílum sem þeir framleiða megi ekki fara yfir 95 grömm á hvern kílómetra. „Þannig að ef þeir framleiða bíl sem mengar meira en 95 grömm þá verða þeir að framleiða rafbíla í hlutfalli við það. Það gerir það líka að verkum að bílaframleiðendur framleiða meira af rafbílum en þeir hafa gert hingað til. En það er náttúrulega ekki eina ástæðan fyrir aukningu í framleiðslu rafbíla, önnur er að eftirspurnin eftir rafbílum í Evrópu er sífellt að aukast.“ ■

Snerpa leysir vandamál á raforkumarkaði

magdalena@frettabladid.is

Fyrirtækið Snerpa Power er meðal þeirra sjö fyrirtækja sem eru þátttakendur í viðskiptahraðlinum Hringiðunni. Hraðallinn snýst um fyrirtæki sem koma með lausnir er snúa að hringrásarhagkerfinu. Snerpa Power var stofnað í þeim tilgangi að virkja raforkunotendur á Íslandi til þátttöku á raforkumarkaði og bæta þannig auðlindanýtingu og skapa auknið svigrúm fyrir orkuskiptin.

Fyrirtækið er stofnað af þeim Eyrúnu Linnét og Írisi Baldursdóttur en þær eru báðar rafmagns- og tölvuverkfræðingar. Eyrún er stofnandi og stjórnarformaður fyrirtækisins en Íris stofnandi og framkvæmdastjóri. Eyrún hefur unnið í raforkugeiranum í 15 ár, bæði hjá Landsneti og sem rafveitustjóri hjá ISAL. Íris hefur unnið í störfum tengdum raforku bæði á Íslandi og á erlendri grundu. Hún vann hjá Landsneti í 15 ár, þar áður



Íris Baldursdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri, og Eyrún Linnét, stofnandi og stjórnarformaður.

MYND/ADSEND


hjá alþjóðlegum rafbúnaðarframleiðanda, ABB, og nú starfar hún hjá Samtökum raforkulutningsfyrirtækja Evrópu í Brussel.

Íris segir að hugmyndin að fyrirtækinu hafi verið í nokkur ár í mótun.

„Við einfaldlega komum auga á tækifæri á raforkumarkaði til að auka nýtingu auðlinda en svo þarf að útfæra það. Það er straumbreyting að eiga sér stað á markaði sem tengist áherslum í loftslagsmálum og það skiptir miklu máli að fá inn


notendur sem geta stýrt sínu álagi og þannig selt hluta af sinni notkun aftur upp á net í formi reglunar til að jafna skammtímafrávik í framleiðslu og notkun. Það vantar hins vegar þetta millistykki milli stórnotandans og markaðarins til að raungera þessa breytingu og þar komum við inn,“ segir Íris og bætir við að mikilvægt sé að virkja raforkunotendur hér á landi til þátttöku á raforkumarkaði og auka þannig samkeppnishæfni.

„Við gerum raforkunotendum kleift að selja brot af sínu álagi til baka aftur inn á net. Lausnin sem við bjóðum upp á leiðir þannig til bætrar auðlindanýtingar. Við erum að þróa hugbúnaðarplattform sem nýtist stórnotendum rafmagns og gerir þeim kleift að besta reglunartilboð inn á markað með sjálfvirkum hætti. Við munum einnig sjálfvirknivæða ákveðna ferla hjá stórnotendum varðandi áætlanagerð og bæta áhættustjórnun með sjálfvirkum eftirliti með álagsstýringu.“ ■




FÆRÐU ÁSTVINUM ÞÍNUM ÓSKASKRÍN

– UPPLIFUN Í ÖSKJU



577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is



ER EKKI BARA BEST AÐ **VANDA SIG?**

Viðreisn var stofnuð með það að leiðarljósi að auka **heiðarleika** og **gegnsæi** í stjórnámálum. Sýna **ábyrgð** og **vanda til verka** þegar farið er með eignir almennings. Berjast fyrir frjálslindum umbótum og gæta að **hagsmunum allra** en ekki bara sumra.

Að kjósa er að veita stjórnámafólki völd til að stýra sveitarfélaginu þínu. Þar þarf fólk sem setur almannahagsmuni í fyrsta sæti og mun vinna fyrir þig. Það er stefna Viðreisnar alltaf, alls staðar.

FORYSTUFÓLK VIÐREISNAR OG SAMSTARFSFLOKKA 2022



Dórdís Lóa, Reykjavík



Sara Dögg, Garðabæ




Jón Ingi, Hafnarfirði



Theodóra, Kópavogi



Lovísa, Mosfellsbæ



Karl Pétur, Seltjarnarnesi



Bjarney, Borgarbyggð



Gylfi, Ísafirði



Axel, Árborg

Útþensla hins opinbera er ekki náttúruleg mál



Björn Jón
Bragason
bjb
@frettabladid.is

Hætta er á að Ísland dragist aftur úr nágrannaríkjum í lífsskjörum verði ekki ráðist í ærlega tiltekt í rekstri ríkis og sveitarfélaga.

Í fyrri pistlum hér á þessum vettvangi hefur verið bent á að það er nánast sama hvar borið er niður: alls staðar eykst umfang hins opinbera og skattbyrðin að sama skapi. Og hvað sem líður fyrirheitum um einföldun regluverks og eftirlitskerfis hins opinbera hefur lítið verið aðhafst. Kerfið jafnvel þvælt og það gert umfangsmeira eins og sjá má af fjölgun stofnana og nýlegri uppstokkun Stjórnarráðsins þegar bætt var við nýjum ráðuneytum.

Ríkisstjórnin sem sat á árunum 2013–2017 hafði nokkurn vilja til að taka til hendinni í ríkisrekstrinum og kom á laggirnar hagræðingarhópi sem skilaði tillögum í 111 liðum. Sárafáar þeirra urðu að veruleika. Guðlaugur Þór Þórðarson sem sat í hópnum var inntur álits á því tveimur árum síðar hvers vegna svo illa hefði gengið að hrinda hugmyndunum í framkvæmd. Hann gaf við því stutt og laggott svar: „Kerfið ver sig.“

Eitt sinn ríkti aðhaldsandi
Ekki er óeðlilegt að spyrja í fram-



Það þurfti mikinn pólitískan kjark til að ráðast í einkavæðingu ríkisfyrirtækja á sínum tíma. Áburðarverksmiðja ríkisins var eitt þessara fyrirtækja.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

AÐALFUNDUR FARFUGLA



Aðalfundur Bandalags íslenskra Farfugla verður haldinn þriðjudaginn 17. maí n.k. kl. 19.15 í Farfluglaheimilinu Dal í Laugardal, Sundlaugavegi 34.

Aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins

Stjórnin.

haldinu hvort útþensla hins opinbera sé þá jafnvel einhvers konar náttúruleg mál – óhjákvæmileg þróun sem ekkert fær unnið gegn? Hér er vitaskuld við ramman reip að draga: eyðslusamur stjórnmaður getur sýnt fram á hverju hann kom í verk; hinn aðhaldssami hefur engar framkvæmdir til að benda á og tjónið sem samfélagið bíður af óhöflegri skattbyrði er ekki hægt að reikna til þrautar. Öll glötuðu tækifærin, öll sú fjárfesting sem fór forgörðum og þannig mætti áfram telja – tjónið er að stærstum hluta ósýnilegt. Til að snúa frá stefnu sem markast af óhöfi í ríkisútgjöldum þarf því óvenjulega og kjarkmikla stjórnmalamenn, menn sem sjaldan koma fram. Á tíunda áratug síðustu aldar var þó unnið í þessum anda – enda metnaður uppi um að færa sem flest í samfélagsháttum nær því sem tíðkaðist meðal grannþjóðanna, meðal annars með opnun fjármagnsmarkaða samfara gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þá var gert mikið átak í sölu ríkisfyrirtækja og fjöldi þeirra einkavæddur, þar á meðal Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Ferðaskrifstofa ríkisins, Jarðboranir, Síldarverksmiðjur ríkisins, framleiðsludeild ÁTVR, Lyfjaverslun Íslands, Áburðarverksmiðjan, Skýrr og þannig mætti áfram telja. Og þá var sum óarðbær starfsemi aflögð, líkt og Skipaútgærd ríkisins.

Aðhaldsandi ríkti á þessum árum og ríkisútgjöld drógust saman en um leið var sett fram metnaðarfull áætlun um skilvirkari og hagkvæmari stjórnsýslu þar sem þjónusta við fólk og fyrirtæki yrði í forgrunni til að skapa íslenskum fyrirtækjum forskot í vaxandi alþjóðlegri samkeppni. Sett voru stjórnsýslulög og upplýsingalög og unnið heilmikið efni sem miðaði að bættum samskiptum ríkisins við borgarana.

Horfum til nágrannalöndanna

Því miður erum við nú á öðrum og verri stað en þau lönd sem við helst berum okkur saman við. Ég hef vikið að því í fyrri greinum að flest nágrannaríki okkar hafa markað sér skýra og skilgreinda stefnu um hvernig létta megi óþarfa regluþyrði af atvinnulífi og einstaklingum – og fylgt þeim eftir. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja í opinberri eigu. Þar kemur meðal annars fram að rök-



Allt dregur þetta úr líkum á að alþjóðleg fyrirtæki ... kjósi að starfa hér á landi. Þar með renna eftirsóknarverðustu og arðbærustu störfin okkur úr greipum.

styðja þurfi hvers vegna tiltekinn rekstur eigi að vera í höndum hins opinbera og þetta mat þurfi að yfirfara reglulega. Þá gat ég einnig í fyrri pistli skýrslu OECD þar sem greint var frá könnun á því hversu íþyngjandi regluverk aðildarríkjanna er í þjónustuvíðskiptum en Ísland kemur verst út úr þeim samanburði og stendur langt að baki öðrum Norðurlöndum.

Eiginlega er alveg sama hvar borið er niður í samanburði hvað þessi mál áhrærir – Ísland kemur illa út á flesta mælikvarða. Skattbyrðin er til að mynda sú næstmesta hér meðal ríkja OECD, regluþyrði er meiri en í nágrannalöndunum og eftirlitskerfi hins opinbera umfangsmikið og þungt í vöfum. Allt dregur þetta úr líkum á að alþjóðleg fyrirtæki (meðtalin innlend fyrirtæki með fjölþjóðlega starfsemi) kjósi að starfa hér á landi. Þar með renna eftirsóknarverðustu og arðbærustu störfin okkur úr greipum.

„Stjórnmalastéttin“ rennur saman við embættismannakerfið. Vandinn er að einhverju marki fölginn í ríkisvæðingu stjórnmalanna. En styrkur til flokkanna af fjárlögum hefur verið stórhækkaður á undanförunum árum. Stærsta breytingin varð milli árunum 2017 og 2018 þegar framlöggin voru hækkuð um 127% en í fyrri nam ríkisstyrkurinn til flokkanna rúmum 728 milljónum króna. Í ofanálag hafa þingflokkarnir á að skipa 27 pólitískum aðstoðarmönnum að meðtöldum aðstoðarmönnum formanna. Ráðningar í þessar stöður eru með miklum bitlingsvip líkt og ráðningar til aðstoðarmanna ráðherra og „aðstoðarmanna ríkisstjórnar“ en pólitískir aðstoðarmenn ráð-

herra og þingmanna eru samtals á sjötta tuginn – eða nærri jafnmargir og alþingismenn. Sú var tíð að fyrrverandi ráðherrar voru gerðir að sendiherrum og ríkisbankastjórum. Nú er þeim komið fyrir hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að, seinast fékk einn stöðu hjá stofnun Sameinuðu þjóðanna um svokallaðan eyðimerkursáttmála.

Sístækkandi „stjórnmalastétt“ sér um sína og flokkarnir eru orðnir hluti hins opinbera í ljósi þess að starfsemi þeirra er að nær öllu leyti kostuð af skattborgurum. Í reynd gengur þetta ekki upp. Hlutverk stjórnmalahreyfinga í lýðræðisríki er að vinna að framgangi tiltekinna hugsjóna og hafa áhrif til breytinga. Pólitíkin á okkar tímum er aftur á móti orðin samdauna kerfinu. Því fer fjárríki flokkarnir séu lengur grasrótarhreyfingar. Rödd hins almenna flokksmanns má sín litlís í kerfi ríkisreknu flokkanna.

Á sama tíma verður sifellit minna vart við ígrundaða hugmyndafræði í pólitíkinni. Stjórnmalamenn virðast æftar nálgast viðfangsefnin eins og embættismenn og jafnvel forðast erfiðar ákvarðanir. Þetta sást vel á tímum farsóttarinnar þegar tilhneigingar gætti hjá stjórnmalamönnum til að færa sérfræðingum de facto ákvörðunarvald um mjög íþyngjandi aðgerðir.

Að hafa metnað fyrir hönd lands og þjóðar

Svígrúm til aukinna útgjalda hins opinbera verður lítið sem ekkert á næstu árum og verkefni dagsins því að vinda ofan af rekstri ríkis og sveitarfélaga, sameina stofnanir og leita annarra leiða til hagræðingar – og um leið bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Á sama tíma þarf að skilgreina betur hlutverk hins opinbera og stuðla að aukinni virðingu fyrir fjármunum skattgreiðenda.

Ég ætla að leyfa mér að trúá því að til séu alþjóðlega sinnaðir stjórnmalamenn sem hafa metnað fyrir hönd lands og þjóðar til að taka til hendinni í ríkisrekstrinum, leita leiða til sparnaðar, sameina stofnanir, hætta rekstri sem betur er kominn í höndum einkaaðila, lækka skatta og setja sér skýr markmið um að hér á landi verði til rekstrarumhverfi sem geri Ísland fýsileg heimkynni fjölþjóðlegra fyrirtækja. Hér með er lýst eftir þessum stjórnmalamönnum. ■

Ársfundur LSR

Ársfundur LSR verður haldinn fimmtudaginn 19. maí 2022 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00.

Ársfundurinn er opin öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar LSR
- Ársreikningur 2021
- Fjárfestingarstefna
- Tryggingafræðilegar úttektir
- Önnur mál

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Engjateigi 11, 105 Reykjavík / Sími 510 6100
www.lsr.is

Óplægður akur skapar störf í Stykkishólmi

Fyrirtækið Asco Harvester mun hefja þörungavinnslu í Stykkishólmi innan árs. Vinnslan skapar 15-20 ný störf á svæðinu. Bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar fagnar áformunum og segir Breiðafjörð hentugan fyrir sjálfbæra auðlindanýtingu af þessu tagi.

ggunnars@frettabladid.is

Stykkishólmsbær hefur úthlutað fyrirtækinu Asco Harvester lóð við hafnarsvæðið þar sem framkvæmdir við 800 fermetra húsnæði munu hefjast á næstu vikum. Sigurður Pétursson, stjórnarformaður Asco Harvester, segir fyrirtækið stefna að 200 tonna framleiðslu á afurðum úr klóþangi innan árs. Gert er ráð fyrir 15-20 starfsmönnum við vinnsluna en þar með verður Þörungavinnsla Asco Harvester einn af fjölmennari vinnustöðum í Stykkishólmi.

Áð sögn Sigurðar er með þessu verið að ganga í þá matarkistu sem Breiðafjörður er. „Við höfum lesið um þessa auðlindanýtingu í sögubókum en einhverra hluta vegna hefur þessi planta ekki verið nýtt í sama mæli og áður fyrr. Það eru ótrúlega miklir möguleikar í þessum geira hér á landi. Þess vegna erum að við að ráðast í þessa uppbyggingu og fjárfestingu.“

Sigurður líkir nýtingunni við að slá gras. „Slátturinn hjálpar plöntunni að vaxa og dafna. Hún þarf jafn mikið á okkur að halda og við á henni.“

Asco Harvester stóð fyrir fjölmönnum íbúafundi í Stykkishólmi í síðustu viku. Sigurður, sem hefur langa reynslu af svipuðum verkefnum víða um land, segir viðbrögð heimamanna mjög jákvæð. „Það skiptir fólki auðvitað máli að við erum ekki að tala um einhver framtíðaráform, heldur erum við þegar komin af stað.“ Sérstakur þurrkari vinnslunnar er væntanlegur til landsins frá Austurríki í



Sigurður Pétursson, stjórnarformaður Asco Harvester, ásamt systkinunum Ingvari, Ómari og Önnu Ólöfu sem eru á meðal eigenda fyrirtækisins.

MYND/ÁSEND



Þetta er í fullkomnu samræmi við þá stefnu sem við höfum markað um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi.



Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar

næstu viku. Þurrkarinn er útbúinn sérstakri stýringu og er hannaður til að skila góðri orkunýtingu. Hráefnið verður þurrkað við lágan hita til að viðhalda bestu mögulegum gæðum. Framkvæmdir við húsnæði fyrirtækisins hefjast svo strax á sumarmánuðum.

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, segir vinnslu sem þessa renna styrkari stöðum undir fjölbreytt atvinnulíf á svæðinu. „Það sem er mest um vert er að þetta er í fullkomnu samræmi við þá stefnu sem við höfum markað um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi.“

Jakob segist þess fullviss að verkefni Asco Harvester sé einungis byrjunin. Fleiri fyrirtæki hafi viðrað áhuga á að fara út í svipaða starfsemi í tengslum við auðlindanýtingu á svæðinu. Hann segir Breiðafjörð hafa upp á svo margt að bjóða. „Þörungavinnsla er aðeins einn hlekkur í þeirri keðju. Það er heilmikið í pípunum. Það má í raun líkja þessu við óplægðan akur – í bókstaflegri merkingu,“ segir Jakob. ■

Fór í hundrað fjallgöngur á síðasta ári og stundar hlaup

■ Svipmynd

Linda Fanney Valgeirsdóttir

Nám: Lögfræði við Háskóla Íslands.

Störf: Síðast starfaði ég sem staðgengill skrifstofustjóra í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu en þar á undan í velferðarráðuneytinu, hjá ADVEL lögmönnum, á lögfræðisviði Arion banka og hjá Rauða krossinum.

Fjölskylduhagir: Gift Jóhannesi Birni Arelakis og við eigum saman tvo meistara, Karólínu Brieti 10 ára og Steinunni Diljá 7 ára.

Linda Fanney Valgeirsdóttir er framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækisins Alor. Hún fór í 100 fjallgöngur á síðasta ári og þykir fátt betra en að hefja daginn á fjallgöngu eða hlaupatúr.

Hver eru þín helstu áhugamála?

Ég elska að ganga á fjöll með fjölskyldunni minni, besta gönguhópnum „Árangur áfram, ekkert stopp“ og öðrum góðum vinum. Á síðasta ári fór ég í 100 fjallgöngur og hélt utan um það myndbandsdagbók, eina sekúndu úr hverri göngu. Ég leyfi mér að fullyrða að það jafnast ekkert á við gott spjall og hláturskóst í fersku fjallalofti. Svo syng ég með 70 vinkonum mínum í Kvenna-



kórnum Kötlu sem er kvenbátandi félagsskapur og mikil orkugjöf í hverri viku.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Á bestu dögnum, sem þó eru færri en hinir, lauma ég mér út í fjallgöngu eða í hlaupatúr á meðan fólkið mitt sefur enn. Svo kem ég heim og fer langleiðina með að ganga fram af fjölskyldunni með ofurjákvæðni og gleði í morgun-sárið. Á klassískum morgni klukkan

7.30 fer vel smurt tannhjól af stað hjá okkur hjónum við að koma litlum konum á fætur, undirbúa nesti og halda uppi almennri gleði. Þegar þeim línudansi er lokið fæ ég mér Cheerios og fer sjálf af stað í vinnuna eða sest við eldhúsbordid og byrja vinnudaginn.

Hvada bók hefur haft mest áhrif á þig?

Sú sem kemur fyrst upp í hugann er bókin Eyland eftir Sigríði

Hagalín. Í bókinni hefur Ísland algjörlega einangrast frá umheiminum. Smátt og smátt hverfa réttindin og siðmenningin og gagnrýnin hugsun er barin niður. Það er svo margt í þessari bók sem sat eftir hjá mér og var mér hugleikið á Covid-tímum.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Ég tók við starfi framkvæmda-

Linda Fanney segir að hennar uppáhaldsborg sé Madrid.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

stýru Alor í nóvember með góða og fjölbreytta reynslu á bakinu en þar sem ég hef ekki byggt upp nýsköpunarfyrirtæki áður tóku við mörg krefjandi verkefni. Ég steig í raun inn í nýjan heim sem ég þekkti ekki og upplifði óöryggi á meðan ég var að fóta mig. Ég sá að eina leiðin til þess að yfirstíga þessa áskorun væri að læra mjög hratt. Það gerði ég með því að sanka að mér dýrmætum fróðleik frá reyndum frumkvöðlum, fjárfestum og ráðgjöfum. Það hefur fleytt mér ótrúlega langt á stuttum tíma og er ég þessum aðilum ævinlega þakklát fyrir ómetanlega aðstoð.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ef ég þyrfti að skipta myndi ég velja að vinna við textavinnslu á auglýsingastofu með Braga Valdimar. Ég hef löngum séð það starf í hillungum og með honum held ég að hugarflugfundirnir séu gríðarlega skemmtilegir og skapandi. Við myndum fara í gott flæði og enda á lausnum sem enginn héldi vatni yfir!

Hver er þín uppáhaldsborg?

Ég fór núna síðast til Madrid í fyrsta sinn og féll fyrir þeirri borg. Fegurðin er einstök og svo er skipulag borgarinnar afar skemmtilegt. Þrátt fyrir að hafa fengið stóra skrófu í pitsunni minni á einum veitingastaðnum þá þykir mér samt mjög vænt um þessa borg og hlakka til að fara þangað aftur. ■

Ófrelsisvá



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Sjálfsákvörðunarréttur kvenna yfir eigin líkama hefur um áratugaskeið notið verndar fjórtánda víðauka stjórnarskrár Bandaríkjanna. Fjölmiðlar vestanhafs greina nú frá því að Hæstiréttur landsins muni á næstunni kveða upp dóm sem fellir þessa vernd úr gildi.

Afleiðingin verður lakari lagavernd fyrir konur og minna félagslegt öryggi. Fátækar fjölskyldur verða enn fátækari, fólki í minnihlutahópum verður ytt lengra út á jadarinn.

Mörg stærstu vandamál hvers samfélags eiga sameiginlegan snertiflöt í ójöfnuði. Hann er ýmist orsökinn eða afleiðingin, nema hvort tveggja sé. Við erum hins vegar ekki alltaf að horfa á þessa breytu þegar ákvarðanir eru teknar, ekki síst þegar ákvarðanir eiga rætur í siðferðisskoðunum og jafnvel trúarsannfæringu. Þetta kemur hvergi eins skýrt fram og í umræðunni um sjálfsákvörðunarrétt kvenna yfir eigin líkama. Þeim sem efast um bein tengsl ójöfnuðar í samfélaginu og ófrelsis kvenna er bent á sögu getnaðarvarnarpillunnar sem kom á markað um miðja tuttugustu öld.

Það er örjúfanlegur fylgikvilli ójöfnuðar að manneskjurnar sem fyrir honum verða missa röddina. Konur sem missa réttinn til að ráða örlögum sínum verða ófrjálsar og hverfa.

Þótt Ísland standi frammarlega á mörgum sviðum kvenréttinda hefur annað fólk horfið unnvörpum á Íslandi. Í síðustu viku skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu um stöðu geðheilbrigðismála í landinu. Skýrslan er svört. Mismunun sé innbyggð í geðheilbrigðiskerfið, ekki sitji allir við sama borð og aðgengi að þjónustu ráðist gjarnan af efnahag, tegund geðvanda og búsetu. Ástæður fyrir þessu eru sagðar margar en meginvandinn kemur í ljós á síðu 81 þar sem fjallað er um aðgerðir gegn fordómum í garð fólks með geðraskanir. Þar segir meðal annars: „Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp í október 2018. Hópurinn vann drög að skýrslu með tilhöfum um aðgerðir til að minnka fordóma í garð fólks með geðraskanir. Skýrslan er ókláruð.“

Rétt eins og ójöfnuðurinn sem hljótast mun af þeirri afturför sem Hæstiréttur Bandaríkjanna boðar nú sínum borgurum munu örlög þeirra sem við höfum bæði týnt og gleymt í ranghölum úrræðaleyfis, verða lóð á vogarskálar þess mikla ójöfnuðar í heiminum sem hefur ýmist stuðlað að eða beinlínis skapað stærstu vandamál heimsbyggðarinnar í dag. Loftslagsvá, stríð, fátækt og hungur, skipulögð glæpastarfsemi, mansal, vimuefna- og lyfjafíkn. Öll þessi vandamál eiga uppruna sinn í ójöfnuði. Við leysum þau ekki án þess að horfast í augu við það. ■

”
Konur sem missa réttinn til að ráða örlögum sínum tapa mættinum, verða ófrjálsar og hverfa.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Prýstingur

Líklegt þykir að prýstingur aukist á formann Sjálfstæðisflokksins, fari svo að flokkur hans tapi miklu fylgi í borgarstjórnarkosningunum annan laugardag, ofan í Íslandsbankaraunirnar. Fylgiskannanir eru hvorki uppörvandi fyrir hann né nokkurn annan Sjálfstæðismann, enda sýna þær flokkinn undir tuttugu prósentum sem myndi merkja að þrír fulltrúar töpuðust – og að flokkurinn yrði ekki lengur stærsta stjórn málaflíð í borginni. Það mun vera af þessum sökum sem innanbúðarmenn í flokknum krunka nú saman og horfa til mögulegs arftaka Bjarna, en þar er raunar úr vöndu að ráða...

Arftakinn

Arftakinn er nefnilega ekki augljós. Einhverjir munu nefna Guðlaug Þór Þórðarson, en sagan segir að Bjarni hafi einmitt verið jafn þaulsættinn og raun ber vitni svo Guðlaugur komist ekki til frekari metorða innan flokksins. Þá er varaformaðurinn vitaskuld nefndur, en þar er komið babb í batin. Bróðir Þórðarsonar Kolbrúnar Reykfyrd Gylfadóttur, Ásgeir að nafni, hefur risið til mikilla metorða innan Skeljar sem merkir að hann vinnur við að hámarka auðæfi aðaleigandans, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Slíkt er eitru í beinum Davíðsarmsins. Krummarnir segja því sem svo að best sé bara að velja Áslaugu Örnú. ■

Þið verðið öll að læra af þessu



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Þið verðið öll að læra af þessu. Þannig voru skilaboð Bankasýslunnar og fjármálaráðherra á opnum fundi með fjárlaganefnd um daginn. Fólk hafi einfaldlega ekki skilið útboðið.

Almenningur skildi þetta samt alveg enda gamalkunnir taktar hér á ferð frá því fyrir hrún. Og kannanir sýna að fólk hefur þegar dregið sinn lærdóm af bankasöluhneykslinu og hann er þessi: Sjálfstæðismönnum er ekki treystandi til að fara með eignir og fjármál almennings.

Þegar Sjálfstæðismenn stýra för eru reglurnar sveigðar svo að þær henti útkomunni. Reglur sem miðast við fáa langtímafjárfesta leiða til þess að margir skammtímafjárfestar stinga í vasann vænum hagnaði af bréfum sem þeir fengu að kaupa með afslætti af fimm sérvöldum söluaðilum, á meðan aðrir „fagfjárfestar“ sátu hjá. Fyrir utan stendur svo almenningur og horfir á í forundran. Og er svo sagt að hann skilji ekki snilldina.

Margt bendir til þess að lög hafi verið brotin í ferlinu, enda ráðherrar farnir að tala um að „breyta þurfi umgjörðinni“. Með öðrum orðum: Þegar ráðherra Sjálfstæðisflokksins fer ekki að lögum – þá skal lögnum breytt. Nú þegar við göngum senn til kosninga er ágætt að hafa þennan lærdóm í huga. Og muna að Sjálfstæðismenn þurfa ekkert að standa við stjórnvöllinn til að hygla sér og sínum, sveigja reglur og hafa neitunarvald um raunveruleg velferðarmál. Og stjórna með biðlistum og afsláttum. Biðlistum fyrir almenning þegar hann þarf eðlilega og nauðsynlega þjónustu vegna sjúkdóma eða elli, afsláttum fyrir auðmenn.

Viða um land sjáum við aðra flokka en Sjálfstæðismenn taka höndum saman um stjórn sinnar sveitarfélaga með almannahag að leiðarljósi og það gengur bara býsna vel. Þessir staðir eiga það sammerkt að Samfylkingin er þar sterk og getur myndað trúverðugan valkost við Sjálfstæðisflokkinn og vinavelferð hans.

Við þurfum að fjölga þessum stöðum og þar vantar lítið upp á víða. Þá er Samfylkingin raunhæfur kostur. Að sjálfsögðu. ■

”
Þegar ráðherra Sjálfstæðisflokksins fer ekki að lögum – þá skal lögnum breytt.

P | **PRESSAN**

PRESSAN

FIMMTUDAGA KL. 20.00
OG AFTUR KL. 22.00

HRINGBRAUT



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 4. maí 2022



Vin og Lin þegar allt lék í lyndi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nýr leikstjóri fyrir Fast X

oddurfreyr@frettabladid.is

Búið er að tilkynna nýjan leikstjóra fyrir tíundu viðbótina við Fast & Furious kvikmyndaseríuna, Fast X. Loius Leterrier tekur við af Justin Lin, sem hætti nýlega. Ástæðan fyrir brotthvarfi Lin er sögð vera ósætti við Vin Diesel, aðalleikara kvikmyndanna.

Samkvæmt The Hollywood Reporter hætti Lin skyndilega vegna þess að hann og Diesel voru ekki sammála um handritið. Lin taldi það frágengið en Diesel og framleiðslufyrirtækið Universal voru víst ekki sammála og 23. apríl á Diesel að hafa mætt í vinnuna með punkta sem leiddu til háværs rifrildis þar sem hurðum var skellt.

Dýrt rifrildi

Lin verður því aðeins framleiðandi myndarinnar en ekki leikstjóri. Sagt var frá brotthvarfi hans í fréttatilkynningu þar sem hann talaði vel um vinnuna við fimm myndir í seríunni síðustu tíu árin en minnst ekkert á deilur.

Eftir að hann hætti var framleiðsla á Fast X stöðvuð, sem er talið hafa kostað Universal hundruð þúsunda dollara á hverjum degi. En nú er vinnan hafin á ný og Fast X á að koma út 19. maí 2023. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**ALOE VERA**
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is

Tinna Björt Guðjónsdóttir er sölu- og markaðsstjóri Provision sem býður upp á frábærar vörur gegn frjókornaofnæmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Góð ráð við frjókornaofnæmi

Þótt flestir landsmanna fagni vorinu er frjókornaofnæmi leiðinlegur fylgiskur þess. Provision býður upp á góðar vörur gegn frjókornaofnæmi og fyrir góða augnheilsu. **2**

Þótt marga hlakki til vorsins og sumarsins fylgir því oft frjókornaofnæmi sem hrjáir marga landsmenn. Frjókornaofnæmi er eitt af algengustu ofnæmunum en það getur stafað af til dæmis grasi eða frjókornum frá gróðri, segir Tinna Björt Guðjónsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Provision. „Fyrstu einkennin er oft kláði eða óþægindi í augum en einnig getur komið rennsli úr augum og verða augun þá rauðsprengd og þrútin.“ En hvað er til ráða við þessum óþægindum? „Við hjá Provision erum með frábærar vörur sem fást í flestum apótekum sem eru góð lausn og geta aðstoðað við þessi hvimleiðu einkenni.“ ■

» Klútarnir innihalda rakagefandi og róandi efni sem draga úr bólgum og þrota á augnsvæði án þess að erta augu eða húð.

Blephaclean blautklútarnir eru frábær lausn

Tinna mælir með Blephaclean blautklútunum. „Þetta eru hágæða blautklútar til að hreinsa mjúklega slím og húðskorpu af augnhvörmum og augnhárum. Þeir vinna vel á frjókornaofnæmi, hvarmabólgu og vögrís. Klútarnir innihalda rakagefandi og róandi efni sem draga úr bólgum og þrota á augnsvæði án þess að erta augu eða húð.“


Klútarnir eru líka sniðugir í ferðalagið og henta vel í útivistina. „Þeir eru sniðugir í ferðapakkan fyrir sumarið. Mikilvægt er að hugsa vel um augun okkar en útivera, kuldi og vindur geta haft mikil áhrif á augun okkar. Snjór og sól spila líka inn í.“



Blephaclean blautklútar eru einnota, dauðhreinsaðir, án rotvarnarefna, ilmefna og sápu. Má nota fyrir ungbörn frá þriggja mánaða aldri. Gott að hafa í leikskólatöskunni.

AugnhvÍlan sefar kláða og hjálpar við augnóþægindi

AugnhvÍla er líka góð viðbót við vörur sem geta sefað kláða og hjálpað við augnóþægindi vegna frjókornaofnæmis að sögn Tinnu. „Þá er augnhvÍlan sett í kæli og síðan sett á augun. Dry eyes augnhvÍlan er margnota og einnig hægt að hita og er góð til að viðhalda augnheilsu og til að róa augun.“



» Dry eyes augnhvÍlan er margnota og einnig hægt að hita og er góð til að viðhalda augnheilsu og til að róa augun.

Augndropar eru góðir við frjókornaofnæmi Augndropar geta líka slegið á einkennin, segir Tinna. „Við mælum með Thealoz Duo augndropunum en þeir innihalda trehalósa, sem kemur á jafnvægi og verndar frumur, og hýalúron-sýru sem veitir raka og minnkar óþægindi.“



Thealoz Duo er með tvöfaldri virkni og er án rotvarnarefna. Passar vel í töskuna og hægt að nota með linsum.


Fæst í öllum helstu apótekum og Eyesland gleraugnaverslun



Blephadex gegn augnháramítlum

Augnháramítill er ekki hægt að sjá með berum augum. Þetta eru agnarsmáar verur sem geta orsakað óþægindi í augum, að sögn Tinnu. „Demodex-mítlar eða augnháramítlar geta valdið slíkri vanstarfsemi en þeir eru oft vangreind ástæða hvarmabólgu og þar með augnþurrks. Þeir eru almennt taldir vera saklausar samlíflifverur húðarinnar en við mikinn fjölda þeirra geta þeir orsakað hvarmabólgu og ýmsa húðsjúkdóma.“

Algeng einkenni geta verið kláði, sviði og augnþurrkur, roði í augum og augnlokum. „Blephadex blautklútar eru sérhannaðir til að hreinsa augnsvæðið og vinna gegn augnháramítlum. Með því að nota blautklútana sem part af daglegu hreinlæti augna má vinna á einkennum.“



Allar þessar vörur fást í flestum apótekum og verslunum Eyesland.

Bílablaðið

4. MAÍ 2022



Toyota Aygo X er sér á parti

Toyota mun á næstunni kynna nýjan bíl sem byggir á grunni Yaris en er með útliti smábílsins Aygo í nokkurs konar blendingsútgáfu. Blaðamaður Fréttablaðsins prófaði bílinn í Barcelona á dögnum enda er bíllinn talinn henta vel sem borgarbíll. **6**

MYND/TOYOTA



Bífhjólafólk fagnaði vori með Vorfagnaði á Kvartmílubrautinni og árlegri 1. maí-hópkeyrslu. **10**



Kia Sportage tekur skrefið í átt að fullkomnum jepplingi en bíllinn er kominn í sinni fimmtu kynslóð. **4**



Honda Monkey er sérkennilegt mótórhjól af minni gerðinni og það vinsælasta á Íslandi í dag. **8**

STUÐ Í ÚTILEGUNNI MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Áreiðanlegir og sterkbyggðir AGM rafgeymar henta vel fyrir ferðavagna, s.s. hjólhýsi, fellihýsi o.fl. Hraðari hleðsla, minna viðnám í hleðslu, engin uppgufun í hleðslu og lengra úthald. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða pontun@olis.is.

Mercedes-AMG frumsýnir nýjan sportbíl

njall@frettabladid.is

Mercedes-AMG mun frumsýna nýjan sportbíl á morgun, fimmtudag, sem hannaður hefur verið í samstarfi við rapparann will.i.am. Með fréttatilkynningunni fylgdu myndir sem sýna harla óvenjulegan sportbíl sem virðist sækja hluta útlits síns til G-línunnar. Ljósir virðast vera svipuð en stuðarinn er hluti af heildarmyndinni. Vélarhlífir virðist vera mjög kúpulaga og virðist ná yfir brettin.

Í fréttatilkynningunni segir að will.i.am hafi búið til bíl fyrir Mercedes-AMG sem muni styrkja tækniskóla í stórborgum Bandaríkjanna í að hjálpa ungmennum að takast á við tækni morgundagsins. Hvað Mercedes-AMG á nákvæmlega við með þessum orðum hlýtur að skýrast á morgun. ■



Óhætt er að segja að útlitið er sérstakt með framenda sem minnir á G-jeppann og kúpulaga vélarhlíf.

MYND/MERCEDES

» Sportbíl þessi mun vera hannaður í samstarfi við rapparann will.i.am.



Næsta kynslóð Hyundai Kona kemur ekki fyrr en á næsta ári. MYND/AÐSEND

Fyrstu njósnamyndir af nýjum Kona

njall@frettabladid.is

Önnur kynslóð Hyundai Kona er í burðarliðnum og nýlega birtust fyrstu njósnamyndir sem náðst hafa af bílnum.

Þrátt fyrir mikinn dulbúning má sjá að billinn heldur í margt af útliti sínu eins og tvískipt aðalljós. Myndirnar sýna líka að billinn er með púströr sem bendir til þess að hér sé á ferðinni tvinnútgáfa. Nýr Kona verður eitthvað stærri en fyrsta kynslóðin en líklegast fær billinn K-undirvagninn sem notaður er í annarri kynslóð Niro.

» Nýr Kona verður eitthvað stærri og fær líklega sama K-undirvagn og önnur kynslóð Kia Niro.

Rafdrifin útgáfa mun einnig koma með stærri rafhlöðu og meira drægi. Jafnvel má búast við að billinn fái sömu 64,8 kWst rafhlöðu og Kia Niro. Billinn verður ekki frumsýndur fyrr en á næsta ári í fyrsta lagi. ■



Meðal staðalbúnaðar í Velar HST verður opnanlegt þak og loftpúðafjöðrun.

MYND/LAND ROVER

Ranger Rover Velar nú fáanlegur í sportútgáfu

Breski bílaframleiðandinn Land Rover hefur kynnt nýja gerð Ranger Rover Velar, svokallaða HST-útgáfu sem Land Rover kynnti fyrst í kraftmiklum útgáfum Range Rover Sport og Evoque.

njall@frettabladid.is

Nú geta viðskiptavinir einnig fengið Velar í sömu útgáfu sem Jaguar Land Rover á Íslandi við Hesthals sérpantar í samræmi við óskir og val viðskiptavina.

Velar HST markar nýjar áherslur í hönnun, smíði og efnum en svart þak og svartir áherslufletir

» Range Rover Velar HST verður boðinn með sex strokka 300 hestafla dísilvél eða 400 hestafla bensínvél.

undirstrika séreinkenni Velar HST. Einkennisliturinn verður Arroios Grey, en auk þess verður billinn fáanlegur í öllum grunnlitasamsetningunum með skyggðum rúðum og 21 tommu Gloss Black álteinafelgum.

Velar HST er búinn rafstýrðri loftfjöðrun með skynvæddri dempun sem tekur sjálfkrafa mið af aðstæðum til að skila hámarksþægindum og stjórnun fyrir farþega og ökumann. Að auki er Velar HST búinn nýjustu útgáfu akstursaðstoðartækni framleiðandans og stæðisaðstoðinni sem styðst við þrívíddar 360 gráðu myndavél.

Ranger Rover Velar HST er í boði með nokkrum mismunandi kraftmiklum sex strokka Ingenium-vélar, bæði 300 hestafla dísilvélum og 400 hestafla bensínvélum, auk þess sem framleiðandinn býður Velar í mildri tvinnútfærslu. ■

Audi og Porsche í Formúlu 1

njall@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri Volkswagen, Herbert Diess, lét hafa það eftir sér á mánudag að tvö merki bílarisans, Audi og Porsche, hefðu ákveðið að taka þátt í Formúlu 1. Talsvert hefur verið fjallað um möguleika á þessu að undanförunu en Porsche mun vera komið lengra í því að forma þessar áætlanir.

Porsche hefur ekki tekið þátt í Formúlu 1 áður en hefur starfað með Red Bull í heimsmeistarakeppninni í ralli, og er hugmyndin að gera það sama í Formúlu 1. Samkvæmt Reuters mun Audi vera tilbúið að borga 500 milljónir evra fyrir McLaren-merkið og nota það til þátttöku, en ekkert hefur frekar verið tilkynnt um þessar



Hugmyndin hjá Porsche er að starfa áfram með Red Bull-liðinu á næstu árum. MYND/GETTY

» Samkvæmt Reuters vill Audi kaupa McLaren-merkið til að koma inn í Formúlu 1.

fyrirætlanir af hálfu Volkswagen. Volkswagen áætla að setja Porsche-merkið á markað í lok ársins sem gæti haft áhrif á þessar ákvarðanir. ■

ERT ÞÚ EKKI NÓGU HARÐUR?

Man Power er hannað fyrir karlmenn sem vilja **auka orku** og **úthald** í rúminu.

Man Power inniheldur gingseng ásamt aminosýrum sem hafa jákvæð áhrif á þessa þætti.



Man Power fæst í Fjarðarkaup, Hagkaup og apótekum.



Er bíllinn klár í ferðalagið?



→ Ferðabox, skíðafestingar, hjólafestingar og margt fleira



Þriggja hjóla festing á krók
Burðargeta 60 kg, hallanleg

Verð **89.900 kr.**



Skíðafesting á topp
4 skíði eða 2 snjóþretti

Verð **24.890 kr.**



Menabo farangursbox
320 ltr, Mania, svart

Verð **44.990 kr.**



Reiðhjólafesting á topp
Burðargeta 15 kg

Verð **18.900 kr.**



Ál þverboga sett

Leopard, L, svart, burðargeta 75 kg

Verð **29.990 kr.**



Þriggja hjóla festing á krók

Burðargeta 60 kg, hallanleg, hraðfest

Verð **110.000 kr.**



Kajakfesting á topp

Burðargeta 50 kg

Verð **28.990 kr.**





Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Kia Sportage HEV

KOSTIR

- Mælaborð
- Aksturseiginleikar

GALLAR

- Hólf í hurðum
- Útsýni í blinda svæðið

Grunnverð: 6.990.777 kr.
Hestöfl: 230
Tog: 350 Nm
Upptak 0-100 km: 8,3 sek.

Hámarkshraði: 193 km
CO2: 140 g/km
L/B/H: 4.515/1.865/1.650 mm
Hjólhaf: 2.680 mm

Veghæð: 172 mm
Farangursrými: 587 lítrar

Í átt að fullkomnun

Kia Sportage kom fram á sjónarsviðið í sinni fimmtu kynslóð í miðjum heimsfaraldri síðastliðið vor. Um afar vel útfærðan bíl er að ræða sem lítið er út á að setja.

Fimmta kynslóð Kia Sportage var kynnt í fyrrahaust og ekki er langt síðan hann kom á markað á Íslandi. Bílablaðamaður Fréttablaðsins er orðinn svo gamall í hettunni að hann man ennþá eftir að hafa prófað fyrstu kynslóð jeppans þegar hann kom á markað hérlandis við opnun Kia umboðsins í Hafnarfirði. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og merkið nú það vinsælasta á Íslandi og náði meira að segja að velta hinu þaulsætta Toyota-merki út toppsætinu í fyrra. Nýr Sportage er smíðaður í Evrópu fyrir Evrópubúa og byggir á sama grunni og náskyldur ættingi hans, Hyundai Tucson, sem einnig verið hefur vinsæll hérlandis undanfarið.

Innanrými Sportage er vel hannað og með sömu tveimur 12,3 tommu skjánum og eru í EV6 í dýrari útfærslunum. Stutt er í allar aðgerðir og fljótlegt og einfalt að komast í þær allar. Loks er sérstakt snertiskjaborð fyrir stjórnþunað miðstöðvar sem einfaldar notkunina. Auðvelt er að stilla sæti og stýri fyrir hvern sem er og sætin eru stór og þægileg. Nokkuð er um geymsluhólf en lítil hlíðarhólf eru í hurðum ef maður á að vera smámunasamur. Meðal sníðugra lausna í bílnum er hvernig framsæti er hannað fyrir aftursætisfarþegana. Hægt er að koma fyrir síma eða litlum iPad í höfuðpúðanum svo að hægt sé að horfa án þess að vera með hausinn ofan í bringu. Auk þess eru USB-tengi í bakinu og krókur fyrir minni hluti. Farangursrými

er vel hannað og rúmgott þó það nái ekki þeim 620 lítrum sem í boði eru í Tucson. Útsýni er ágætt út úr Kia Sportage, sérstaklega fram á við en stórir bitar við afturhlera skyggja svolítið á útsýni yfir á blinda svæðið í speglunum. Sem betur fer eru hliðarspeglar af stærri gerðinni til að bæta aðeins fyrir það.

Kia Sportage ber nafn með rentu en hann er með betri jepplingum þegar kemur að aksturseiginleikum. Hann leggst ekki mikið í beygjum og gripid er gott auk þess sem að stýrið gefur góða tilfinningu fyrir akstrinum. Í tvinnútgáfunni er billinn snöggur af stað og upptakið vel viðunandi enda hefur hann úr 230 hestöflum að spila sem er allgott. Með 17 tommu álfelgunum er hann ekkert voðalega hastur og ræður vel við flestar þær holur sem eru í boði veghaldara á vorin. Hæð undir lægsta punkt eru 172 mm sem er nokkuð gott miðað við aðra í flokknum. Billinn er nokkuð hljóðlátur í akstri og hjálpar hversu mikið hann notar rafmagnið til að koma sér af stað. Auk þess er lítið vindhljóð enda hurðirnar vel þéttar, svo þéttar að stundum þarf að skella þeim vel á eftir sér svo þær lokist alveg.

Sportage keppir í flokki jepplinga þar sem samkeppnin er hörð og margt í boði. Má þar nefna bíla eins og Hyundai Tucson, Mazda CX-5, Peugeot 3008, Skoda Karoq og Toyota RAV4. Við prófuðum bilinn í HEV-tvinnútgáfunni sem kostar frá 6.990.777 kr. í Style-útfærslunni. Til þess að fá samþærligan tvinnjepping með fjórhjóladrifi er hægt að fá sér Toyota RAV4 sem kostar í þannig útfærslu frá 7.460.000 kr. Hinn möguleikinn er ódýrasta tvinnútfærsla Hyundai Tucson sem er á 6.690.000 kr. ■

Farangursrými er kannski ekki það stærsta í flokknum er rúmar 587 lítra og er þægilegt í notkun.



Vélin er 1,6 lítra og afar þýð og skilar góðu afli í bland við rafmagnið.



Nýtt útlit Kia Sportage er með bjúgvörpilsaga dagljósum og tigrisnefinu svokallaða.

MYNDIR/TRYGGLVI ÞORMÓÐSSON



Tveir bogadregnir 12,3 tommu skjáir eru áberandi í mælaborðinu.



Miðjustokkur er vel útfærður en þaðan má stjórna akstursstillingum og hita í sæti og stýri.

Allir vegir færir á Honda

„Nú er hátíð í bæ hjá Öskju því eftir svölitið hlé erum við loksins farin aftur af stað með innflutning á nýjum Honda-mótorhjólum. Viðskiptavinir okkar hafa tekið því fagnandi enda hafa margir beðið í óþreyju eftir nýjustu hjólunum frá Honda.“

Þetta segir Hlynur Björn Pálmason, sölustjóri Honda hjá Bilaumboðinu Öskju sem tók við Honda-umboðinu haustið 2019.

„Strax í byrjun Covid-19 fundum við fyrir aukinni eftirspurn eftir nýjum mótorhjólum, þegar útséð var að fólk færi jafnmikið utan og áður. Þá skapaðist meiri tími fyrir áhugamálin hér heima og að verja frítíma til ferðalaga innanlands,“ greinir Hlynur frá.

Fyrstu nýju mótorhjólun frá Honda komu í Öskju síðla í fyrrasumar og síðan um áramót hefur úrvalið aukist jafnt og þétt og stefnir í flott hjólasumar.

„Við erum að fá breiða línu af glæsilegum Honda-mótorhjólum, allt frá léttum hjólum fyrir byrjendur upp í stærstu ferðahjól. Langmest eftirspurn er nú eftir ferðahjólum sem hægt er að keyra jafnt á malbiki sem malarvegum.

Við finnum líka fyrir aukinni nýliðun og til dæmis er mikið spurt um 500cc-hjól og önnur minnnaprófs-hjól fyrir A2-réttindi sem ekki var áður en er nú að koma aftur sterkt inn,“ upplýsir Hlynur.



Þau taka vel á móti öllu mótorhjólafólki í Öskju: Hlynur Björn Pálmason sölustjóri og Guðrún Jóna O'Connor, söluráðgjafi Honda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hann segir minnstu hjólin til dæmis henta vel þeim sem eru að koma nýir inn í mótorhjólaspórtið.

„Þeir sem sækja í minni mótorhjólun eru til dæmis ungir einstaklingar sem eru komnir með bílpróf en langar líka í mótorhjól. Konur leita líka stundum í minni hjól, sem og einstaklingar sem hafa tekið sér hlé frá mótorhjólakstri í nokkur ár en eru að koma til baka og taka þá skynsamlegu ákvörðun að fara í viðuráðanlegri hjól.“

Seinna í sumar er svo von á 2023-árgerðinni af vinsælu Honda CRF-mótócrosshjólunum.

„Við stefnum hátt enda skipar Honda tryggn sess í mótorhjólmenningu Íslendinga. Sala Honda-mótorhjóla gekk afburðavel þegar allt var upp á sitt besta, við ætlum okkur þangað aftur og eigum mikið inni. Samhliða því að hefja á ný innflutning á nýjum Honda-mótorhjólum munum við einnig bjóða framúrskarandi þjónustu



Honda Africa Twin er glæsilegt ferðahjól, jafnvigt á malbik og mól.

við hjólin á einu flottasta verkstæði landsins í Öskju,“ segir Hlynur.

Áreiðanleg, traust og endingargóð mótorhjól

Honda á stóran hóp fylgjenda hér á landi sem heldur mikilli tryggð við merkið.

„Við eigum afar stóran hóp viðskiptavina sem hófu mótorhjólmennskuna á Honda-skellinöðrum í gamla daga. Það sem fyrst og fremst einkennir hjólin er hversu áreiðanleg þau eru, notendavæn, traust og endingargóð. Honda er sá framleiðandi sem selur hvað mest af mótorhjólum á heimsvísu og er jafnframt stærsti vélarframleiðandi heims. Fyrirtækið býr yfir gríðarlegri reynslu og þekkingu á þessu sviði og þegar nafnið Honda er nefnt tengir fólk strax við vel smíðuð hjól, vandaðan frágang og

flotta hönnun. Þá eru hjólin á góðu verði og ávallt góð í endursölu,“ segir Hlynur.

Gott úrval Honda-mótorhjóla er þegar komið í Öskju og fleiri sendingar koma inn næstu vikur og mánuði.

„Töluvert mörg hjól eru þegar seld en við eigum laus hjól í flestum gerðum og eftirspurnin er mikil. Það er mikil mótorhjólavakning á Íslandi og við finnum fyrir mikilli jákvæðni; að loksins, loksins séu Honda-hjólin að koma aftur hingað heim,“ segir Hlynur.

Hann fór nýverið í heimsókn í höfuðstöðvar Honda á Englandi.

„Þá var verið að sýna auglýsingaefni um Honda Africa Twin-ferðahjólun á risaskjám í glæstu anddyrinu, og allt tekið upp í íslenskrí náttúru til að sýna hvers hjólin eru megnug. Í byrjun júlí koma svo frá Bretlandseyjum ferðalangar sem ætla að ferðast um Ísland á þrjátíu Honda Africa Twin-ferðahjólum og seldist upp í ferðina í janúar í fyrra! Hjólin eru afar vel búin og öflug og henta vel íslenskum aðstæðum, hvort sem það er malbik, malarvegir eða torfærir slóðar. Það eru einfaldlega allir vegir færir með Honda.“ ■

Bilaumboðið Askja er á Krókhálsi 11. Sími 590 2100. Sjá allt um Honda á [honda.is](https://www.honda.is). Þú finnur okkur einnig á [facebook.com/hondamotorhjol](https://www.facebook.com/hondamotorhjol) og á Instagram: [honda_motorhjol](https://www.instagram.com/honda_motorhjol)



Allir vegir færir.

Fyrstu Honda mótorhjólun voru flutt inn til Íslands af Honda umboðinu árið 1969 og hafa æ síðan skipað stóran sess í hjörtum áhugafólks um bifhjól. Þau eru þekkt fyrir gæði, áreiðanleika, fallega hönnun og fjölbreytt notagildi en ekki síst fyrir ánægjulega akstursupplifun.

Kynntu þér úrvalið á [honda.is](https://www.honda.is). Eigum úrval hjóla til afgreiðslu strax.

Við hlökkum til að sjá þig.



HONDA



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Toyota Aygo X

KOSTIR

- Vel búinn
- Aksturseiginleikar

GALLAR

- Fótapláss aftur í
- Ekki fjórhjóladrif

Grunnverð: 3.090.000 kr.
Hestöfl: 71
Tog: 93 Nm
Hröðun 0-100 km: 14,9 sek.

Hámarkshraði: 160 km
CO2: 114 g/km
L/B/H: 3.700/1.740/1.525 mm
Hjólhaf: 2.430 mm

Farangursrými: 231 lítri
Eigin þyngd: 940 kg

Smábíll sér á parti

Borgarbíllinn Toyota Aygo er nú kominn í nýrri útgáfu með jepplingsútliti ásamt meiri sætishæð og mun með tímanum leysa Aygo-smábílinn af hólmi.

Síðan Toyota Aygo kom á markað árið 2005 hefur bíllinn verið fyrsti bíll margra. Hann var framleiddur í samstarfi við Citroen og Peugeot sem framleiddu sínar útgáfur en frönsku samstarfsaðilarnir hafa nú hætt framleiðslu og Toyota tekið yfir verksmiðjuna í Tékklandi sem framleiddi bílana. Framleiðsla á þessum nýja Aygo X (borið fram Cross) er einnig þar þó að nýi bíllinn sé byggður á grunni Yaris. Merkið nokk verður Aygo X aðeins boðinn með bensínvél og án neinnar rafvæðingar, en Toyota getur leyft sér það þar sem merkið selur svo mikið af tvinnbílum í Evrópu.

En hvað er öðruvísi við hinn nýja Aygo X? Jú, hann er lengri og er nú 3.700 mm að lengd en aðallega hefur hann hækkað eða um 11 mm. Einnig er byggingarlagið þannig að sætishæð hans hækkar um 55 mm. Bíllinn er breiðari og hjólhafið 90 mm lengra sem aðallega nýtist farþegum í framsætum. Útlitslega er ýmislegt gert til að hann líkist meira stærri jepplingum, en tekið skal fram að Aygo X er ekki jepplingur enda aðeins boðinn með framdrifi. Við sjáum stóra hjólaboga úr plasti kringum dekkinn, sem hafa stækkað upp í 18 tommur. Framendinn er líka hærri en áður og díóðuljós gefa honum nýtskulegan svip. Að aftan má sjá kunnugleg einkenni eins og hliðarúður sem opnast út, afturhlera úr gleri og hástæð afturljós.

Að innan er helsta breytingin í mælaborðinu sem er núna komið með margmiðlunar skjá allt að níu tommur að stærð. Með stærri skjánum kemur bíllinn með leiðsögukerfi ásamt Android Auto og Apple CarPlay. Sjá má eins og áður lit bílsins í hurðum og mælaborði en hljóðeinangrun bílsins er betri en áður. Margt í mælaborði, eins og stýri og miðstöðvarstjórnun, kemur úr hinum náskylda Yaris. Eins og áður sagði er plássíð best í framsætum og þess vegna eru sætin stærri en áður og eru bara nokkuð þægileg fyrir bíl í þessum flokki. Plássíð í aftursætum er hins vegar það sama og fótaplássíð alls ekki neitt til að hrópa hurra

➤ Að innan er helsta breytingin í mælaborðinu sem er núna komið með margmiðlunar skjá allt að níu tommur að stærð.

fyrir. Skottið er þó sæmilegt en það rúmar 231 lítra sem er með því betra í flokknum.

Vélin í bílnum er að grunni til sama þriggja strokka, eins lítra bensínvél og áður. Hún er ekki sú öflugasta enda skilar hún aðeins 71 hestafli og þar af leiðandi er bíllinn næstum 15 sekúndur í hundraði. Hún nær þó ágætlega að halda sínu þegar hún er komin á ferðina og er ekki hávær, nema kannski aðeins þegar henni er snúið nokkuð. Í sjálfskiptu CVT-útgáfunni gerist það vanalega í upptakinu. Beinskípting er eitthvað sem maður prófar sjaldnar og sjaldnar en hún er fánæg í þessum bíl og búast má við að eitthvað af sölu bílsins verði í beinskíptum. Eins og í bíl af þessari stærð er alvanalegt að kúplingin taki frekar hátt í, en fetillinn er léttur og skíptingar auðveldar, sem veitir ekki af því að oft þarf að skipta bílnum. Miðað við bíl af þessari stærðargráðu liggur bíllinn mjög vel í akstri og munar þar eflaust um stærri dekk og þá staðreynd að hjólin eru utar en áður. Er aksturseiginleikar líkari því sem gerast í bílum í stærðarflokki eins og Hyundai Kona til að mynda. Samt hefur hann alla eiginleika smábíls eins og lítinn snúningsrádius sem er aðeins 4,7 metrar.

Enginn beinn samkeppnisaðili er við Toyota Aygo X hérlendis og aðeins tveir aðrir bílar eru boðnir á Íslandi í þessum stærðarflokki. Hyundai i10 kostar frá 2.350.000 kr. en dýrasta útfærsla hans er á 2.990.000 kr. Fiat 500 er hins vegar mun dýrari en hann kostar frá 3.990.000 kr. enda er hann aðeins boðinn rafdrifinn hér á landi. ■



Aygo X er hugsaður sem borgarbíll fyrst og fremst þótt útlitið bendi kannski til annars.

MYND/TOYOTA



Farangursrými er einfalt og aðgengilegt með sama glerhleranum og áður en það rúmar 231 lítra.



Aðeins ein vél er í boði en það er eins lítra þriggja strokka vél sem skilar 71 hestafli.



Útlitslega er bíllinn verklegur að sjá með stórum plastbogum við hjólin og stærri 18 tommu felgum sem eru hafðar utar en áður.



Mælaborðið með níu tommu skjánum er alveg nýtt en í grunninn það sama og í Yaris.



Hjól Spencer er 1913 árgerð en þá kom það með innfeldum oliutanki.

Fullkominn gripur á sínum tíma

njall@frettabladid.is

Rover-mótorhjólíð þótti vel heppnað enda var það með 3,5 hestafla mótör í miðri, demantslaga grind og að framan var tvískiptur gaffall með gormum að framan. Fyrsta Rover-hjólíð var með úðablöndungi og vélknúnum ventlum og seldust yfir 1.000 Rover-mótorhjól árið 1904.

Ári seinna hætti þó Rover framleiðslu mótorhjóla í nokkur ár til að einbeita sér að framleiðslu reiðhjóla, enda varð sölufall á mótorhjólum um þetta leyti vegna tilrauna annarra framleiðenda sem þóttu ekkert sérlega vel heppnaðar. Árið 1910 var svo mótorhjólafarmleiðslan sett aftur í gang og John Greenwood sem seinna hannaði fyrir Sunbeam, fenginn til að koma með endurbættu útgáfu 3,5 hestafla hjólsins með Bosch-kveikju og Brown & Barlow-blöndungi. Hjólíð kom með Druid-framgaffli og var kynnt á Olympia-sýningunni árið 1910 og seldust 500 eintök af því hjóli 1910-11. Það var á slíku hjóli sem L. W. Spencer kom til Íslands árið 1913. ■


Fór á mótorhjóli um Ísland árið 1913

Fyrir meira en hundrað árum síðan heimsótti breskur ævintýramaður Ísland á mótorhjóli en þá voru aðeins tveir bílar í landinu.

njall@frettabladid.is

Árið er 1913 og ungur bókarí frá Uxbridge í London er um það bil að fara um borð í skip á leiðinni til Íslands. Það sem er sérstakt við þetta ferðalag hans er að með í för er Rover-mótorhjólíð hans sem hann hyggst nota til ferðalags um eyjuna. Stefnan var sett á að sjá hvort hægt væri að þvera hana og kanna vegi fyrir aðra sem gætu haft áhuga á að gera slíkt hið sama, enda skrifaði L. W. Spencer fyrir timarit sem kallaðist Motorcycling. Hann hafði unnið það sér til nokkurrar frægðar á Englandi að verða fyrstur á mótorhjóli upp á nokkra fjallstoppa eins og Snowden, ásamt því að keppa á Morgan þrihjóla kappakstursbílum.

Það var fyrir tilviljun að undirritaður frétti af greininni um þessa för við lestur gamalla dagblaða á timarit.is. Í Vísi þann 2. september 1955 er fjallað um að 1913 hafi Engendingur ætlað yfir Ísland á bifhjóli og er sagt frá því með skemmtilegum hætti hvernig eintak af blaðinu komst hingað til lands. Sem betur fer fyrir undirritaðan var tilgreint í hvaða tölublaði greinin birtist og hófst því leitin um víðfedmar lendur veraldarvefsins. Leitin tók tvö ár og tókst að lokum að hafa



uppi á henni og birtist ferðasagan í fjórum tölublaðum, alls rúmar 20 síður með fjölda mynda. Spencer lýsir þar för sinni á Þingvelli, ferð austur fyrir fjall yfir Hellisheiði og upp að rótum Heklu, ásamt fleiri ferðum að Reykjafossi og Keflavík, alls um 500 enskar mílur. Við drepum hér niður í frásögn hans af því þegar hann kemur til Þingvalla í fyrsta skiptið.

„Þegar ég kom aftur að Geithálsi, beygði ég skarpt til hægri á veginn til Þingvalla, sem lá yfir breiða hásléttu sem náði á tímabili 1.110 feta hæð. Bráðum fór vegurinn að lækka aftur þar til að Þingvallavatn, drottning íslenskra vatna, kom í ljós. Það var mjög fallegt í sólskini síðdegisins og

þótt myndin sé óskýr sést vel að hér er á ferðinni Rover-mótorhjól frá 1913. Kunnugir þekkja eflaust Ingólfsfjall og áin er því líklegast Varmá.



Forsíðu greinarinnar prýðir þessi mynd af hjóli L. W. Spencer í miðri Almannagjá eða Allmen's Chasm. Bókin um land miðnætursólarinnar er um ferð hans til Noregs árið áður.

nokkrum köflum á heimasíðu sem undirritaður heldur úti um gömul mótorhjól á Íslandi á slóðinni fornhjol.is. Spencer mun hafa heimsótt fleiri lönd á mótorhjóli eins og Noreg og mun hann hafa skrifað bók um þá ferðasögu, en leit að henni hefur ekki borið árangur ennþá. Spencer bauð sig fram til þjónustu í mótördeild breska hersins í fyrri heimsstyrjöldinni. Þar lét hann lífið í sendiferð, líklega á mótorhjóli sínu, þegar leyniskytta hæfði hann í höfuðið í október 1914. ■



Lykill fjármögnun flytur á Höfðatorg

Lykill hefur flutt skrifstofur sínar á Höfðatorg. Við tökum vel á móti þér á nýjum stað og minnum á að þú getur fundið alla okkar þjónustu á lykill.is

Lykill
fjármögnun



Reynsluakstur

Honda Monkey 125

Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

KOSTIR

- Lipur
- Lítil eyðsla

GALLAR

- Lítið afl
- Mælaborð

Grunnverð: 1.090.000 kr.
Hestöfl: 9
Tog: 11 Nm

Sætishæð: 776 mm
Purrvíkt: 107 kg

Bensintankur: 5,6 lítrar
Eyðsla: 1,6 l/100 km

Sannkallað apaspil

Hver kannast ekki við stytturnar þrjár, þar sem aparnir halda fyrir munn eyru og augu? Það gæti verið nákvæmlega það sem maður hugsar þegar sest er á þetta litla og krúttlega mótörhjól. Þetta mun ekki geta gert neitt af sér, er það nokkuð?

Honda Monkey hjólið kom fyrst fram á sjónarsviðið sem mótörhjól fyrir notkun í skemmtigörðum árið 1961, en með smá breytingum kom það á almennan markað árið 1967 með 50 rúmsentimetra vél. Það kom svo á markað í núverandi gerð árið 2018 með 125 rúmsentimetra vél. Í 2022 árgerðinni voru gerðar veigamiklar breytingar eins og að kominn er nýr, fimm gíra kassi og vélin stenst nú Euro5 mengunarreglugerðina. Bilaprófara Fréttablaðsins bauðst að prófa slíkan grip á dögnum og lét hann ekki segja sér það tvisvar.

Monkey-nafnið er tilkomið vegna þess hvernig ökumaður lítur út þegar hann er á hjólinu, sem er hjólbeinóttur, með olnboga út í loftið og oftan er ekki með bros á vörnum. Svo auðvelt er þetta hjól í meðförum að nánast hver sem er getur keyrt það. Það er kannski ekki að fara að reykspóla af stað á ljósum en það er samt fljóttara af stað en margir fólksbílur. Kúplingin er létt og auðveld og passað er upp á að gjöfin sé ekki snögg upp á lagið svo að óvanir eigi auðveldara með að höndla hjólið. Þegar komið er af stað þarf varla að hugsa um beygjuna og þá er hjólið búið að taka hana. Minnsta hreyfing í stýri kemur því í hallann og samt er það svo öruggt að það kemur manni á óvart í hvert skipti. Gripið er líka eitthvað til að tala

um því þótt dekkinn séu ekki nema 12 tommur eru þau breið og gefa góða festu. Annar kostur við belgmikil dekkinn er að þau skemma ekki gróður, kjósi einhver að nota hjólin á einkalandi.

Monkey-hjólið er svo sem ekki ætlað til neinna ferðalaga þótt hægt sé að kaupa á það böggla-bera sem aukahlut. Krafturinn er ekki mikill, eða 9 hestöfl, og togíð aðeins 11 Newtonmetrar, svo hætt er við að það missi aðeins dampinn í brekkum. Í venjulegum borgarakstri er það hins vegar einstaklega þægilegt og þar sem sætishæðin er ekki mikið lægri en á flestum venjulegum mótörhjólum sér ökumaður vel yfir bílpökin. Hjólið er búið sam- tengdum bremsum sem þýðir að það bremsar einnig að hluta til að framan þegar stigið er á afturbremsuna. Frambremsan er búin ABS-hemlælæsivörn svo að ekki sé hætt á að það læsi framdekki. Þótt fjöðrunin sé í styttra lagi ræður hún þó við flest það sem henni er boðið upp á.

Ef setja á út á eitthvað í þessu annars skemmtilega hjóli er mælaborðið of einfalt, en um leið frekar ólæsilegt. Auk þess er það nálægt ökumanni svo taka þarf augun af veginum og horfa dálítið niður fyrir sig, svo að maður reynir að gera sem minnst af því og sem styst í einu. Einnig er ekki beint hægt að segja að maður flytji mikið með sér á þessu hjóli þó að böggla-beri myndi kannski ráða við eina litla og léttu tösku. Hjól eins og þetta á sér fáa keppinauta, nema ef vera skyldi Suzuki VanVan til að mynda. Askja hefur þegar selt sex eintök á aðeins nokkrum vikum sem gerir þetta hjól að vinsælasta mótörhjólina á Íslandi í dag. Geri aðrir betur. ■



Það er enginn að fara að þrjóna yfir sig á Monkey þó að framdekkið hafi óvart losað sig við götuna á hraðahindrun.

MYNDIR/TRYGVI ÞORMÓÐSSON



Hjólið uppfyllir kröfur um Euro5-mengunarstaðalinn enda þústkerfið stór hluti hjólins.



Mælaborðið er einfalt og mætti sýna meira og erfitt að sjá á það.



ABS-hemlælæsivörn er á framdekki og sportleg framfjöðrun.



Beygjur eru einstaklega auðveldar og belgmikil dekkinn gefa gott grip.

VORBOÐINN

LJÚFI BRENDERUP KERRUR Í MIKLU ÚRVALI

Kerrur með burðargetu undir 750 kg
frá **175.000 kr**




Kerrur með burðargetu yfir 750 kg
frá **599.000 kr**



Bíla og flutningakerrur
frá **859.000 kr**



Hjóla og tækjakerrur
frá **239.900 kr**



STÓRVERSLUN
BÍLDHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Bifhjólafólk fagnar vorinu

Með hækkanði sól er einn af vorboðunum bifhjólafólkið sem streymir út á göturnar. Samgöngustofa blés til fangaðar í samstarfi við Sniglana.

njall@frettabladid.is

Á sumardaginn fyrsta hélt Samgöngustofa í samstarfi við Sniglana og Ökukennarafélagið í fyrsta sinn svokallaðan Vorfagnað bifhjólafólks. Að sögn Einars Magnúsar Magnússonar, sérfræðings hjá öryggis- og fræðsludeild Samgöngustofu, hefur verið samstarf milli þeirra og Sniglanna um árlegan vörfund þar sem farið er yfir slysatölfræði bifhjólafólks. „Nú í ár langaði okkur að taka þetta lengra og fengum til liðs við okkar Ökukennarafélag Íslands og bifhjólakennara á þess vegum. Hugmyndin var að bjóða bifhjólafólki upp á vorfagnað þar sem boðið væri upp á fræðslu, æfingar og kennslu sem búið gæti bifhjólafólk sem best undir sumarið sem vitanlega er sá tími sem flestir eru á ferðinni á bifhjólum,“ sagði Einar.

Ökukennarafélagið bauð afnot af Ökuskóla 3 fyrir fundinn en þar er stórt æfingasvæði á braut Kvartmiluklúbbsins. „Í stuttu máli tókst í frábæru samstarfi við Sniglana, ökukennara, Ökuskóla 3 og Ökukennarafélagið að gera eftirminnilegan og gagnlegan dag sem ég held að muni lengi verða í minnum hafður. Þetta var hreint út sagt frábær dagur og eiga þessir aðilar miklar og góðar þakkir skildar fyrir framlag sitt,“ sagði Einar enn fremur.

Auk þessa flutti Einar erindi um þróun slysatölfræði meðal bifhjólafólks en í því kom fram að í dag eru mun minni líkur á slysum meðal bifhjólafólks. „Ljóst er að nú er mun betra og reynslumeira bifhjólafólk í umferðinni og almennt held ég að vitund almennra ökumanna sé mun meiri fyrir umferð bifhjólafólks en áður var. Í erindinu var jafn-



Elva Hrönn

» Í erindi Einars um þróun slysatölfræði kom fram að mun minni líkur eru á slysum meðal bifhjólafólks en áður.

framt lögð mikil áhersla á notkun viðurkennds hlífðarfatnaðar sem væri merktur evrópskum CE-stöðlum en rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur lagt ríka áherslu á það í ljósi fjölda bana-slysa og alvarlegra slysa þar sem slíkur búnaður var ekki notaður,“ sagði Einar að lokum. ■



Bifhjólafólki gafst kostur á að koma á hringakstursbrautina í Kapelluhrauninu og æfa sig í akstri eftir veturinn undir handleiðslu ökukennara.



Einnig fengu þeir sem mættu að aka hring á brautinni í fylgd akstursípróttafólks og var lögreglan ekki undan-skilin.

MYNDIR/ELVA HRÖNN GUÐBJARTSDÓTTIR

www.detailsetrid.is

Allt í bílaprifin
á einum stað

Allar helstu vörur frá vörumerkinu GYEON

Upplýsingar og ráðgjöf veitir
Andri í síma 787-7888
eða andri@detailsetrid.is

DETAIL SETRID
WWW.DETAILSETRID.IS - 787 7888



Öll upprifjun er mikils virði og getur skipt sköpum ef eitthvað óvænt á sér stað.

Prófum á minni mótórhjól fækkar

njall@frettabladid.is

Bifhjólapróf virðast standa nokkurn veginn í stað á síðastliðnum árum, en í fyrra tóku 347 bifhjólapróf en 382 árið áður. Árið 2016 tóku 379 prófið en 310 árið 2018. Athygli vekur að aðeins örfáir taka svokallað A1 próf fyrir 125 rúmsentímetra hjól, en það virðist vera vegna þess að aldursmörk fyrir þann hóp eru 17-19 ára, svo flestir bíða þar til þeir verða 19 ára til að taka bifhjólapróf.

Að mati Sniglanna myndi það að bjóða upp á A1 réttindi 16 ára hafa þau áhrif að fleiri tækju A1 réttindi, en rannsóknir sýna að þeir sem það gera eru ólíklegri til að lenda í slysum á stórum bifhjólum. Skellinöðruprófum virðist fara fækkandi ár frá ári en í fyrra tóku 32 skellinöðrupróf, en 41 í fyrra. Árið 2016 tóku 57 þannig próf og 40 árið 2018. Eflaust hefur sú staðreynd að engin réttindi þurfi á svokallaðar gangstéttarespur áhrif á þessi próf. ■



Shell
HELIX
Motor oils

Mikil afköst, lítil losun

Shell Helix Ultra er hönnuð fyrir hámarks vélarafköst.

Orkunýtin framleiðsla, sjálfbærar umbúðir og kolefnisjöfnun gera Shell Helix Ultra **kolefnishlutlaus***

Fæst hjá helstu smurstöðvum og á stöðvum Orkunnar.

*Miðað við minni kolefnisútblastur sem verður í kjölfar sparnaðar á hvern líter eldsneytis sem ekki er brennt í mótornum. Meiri eldsneytissparnaður er byggður á ACEA M111 rannsókn í samanburði við sambærilegar olíur annarra framleiðenda á markaðinum. Losun koltvísyrings af umhverfishingrás þessara vöru hefur verið jöfnuð með náttúrulegum kolefnismótvægisaðgerðum af hálfu Shell.



Skoðaðu úrval
**kolefnis-
hlutlausra
olíu**
í vefverslun Skeljungu

Skeljungur, traustur félagi



Skeljungur



Hárrauð GasGas 700-götu hjólin eru auðþekkjaleg en þau verður einnig hægt að fá í A2-útgáfum.

GasGas frumsýnir fyrsta götuhjólíð

njall@frettabladid.is

GasGas-merkið frá Spáni hefur hingað til verið þekkt fyrir torfæruhjól en færir nú út kvíarnar með tveimur nýjum götuhjólum. Merkið er nú komið í eigu KTM og því þarf ekki að koma á óvart að hjólin byggja á grunni KTM 690 SMC R-hjólins. Nýju hjólin kallast ES 700 og SM 700 og nota eins strokks 692 rúmsentimetra vélina frá KTM. Hjólin skila 74 hestöflum en geta líka komið í A2-útgáfu með 47 hestafla hámarksafli. GasGas SM 700 er meira götuhjól með 48 mm WP-fjödru að framan og stillanlegri afturfjödru. Gírkassinn er sex gíra og bensintankurinn 13,5 lítrar en hjólin eru auðþekkjaleg á hárauðum lit sínum.

GasGas-merkið hefur verið áberandi í mótorsporti að undanförunu en Sam Sunderland landaði sigri í Dakar rallinu í ár á GasGshjólí. Einnig hefur GasGas keppt í Moto3- og Moto2-heimsmeistarakeppninni með góðum árangri og uppi er orðrómur um að GasGas komi einnig með lið í MotoGP-heimsmeistarakeppnina. ■



Hjólíð er með nýrri og öflugri V2-vél sem skilar 89 hestöflum.

Harley-Davidson frumsýnir Nightster

njall@frettabladid.is

Harley-Davidson hefur frumsýnt nýtt mótörhjól sem byggir á grunni Sportster-hjólins og kallast Nightster. Hjólíð verður með nýrri vél sem kallast Revolution Max 975T sem er vatnskæld með 60° V2 mótör. Vélin er 89 hestöfl og skilar 95 Nm tugi að hámarki. Aflkúrfa hjólins mun vera flöt upp allt snúningssviðið og hjólíð með gott upptak. Um öflugra hjól en Sportster er að ræða en um leið er hjólíð hugsað sem ódýrari leið að merkinu en stóru Harley-Davidson hjólin.

Vélin hefur fengið meiri titringsvörn þótt enn þá sé haldið í nógu mikinn titring til að hjólíð sé lifandi, eins og Harley-Davidson segir í fréttatilkynningu um hjólíð. Meðal tæknibúnaðar hjólins er ABS-hemlalæsivörn, spólvörn og sérstök skrikvörn fyrir niðurgírur. Þrjár akstursstillingar eru í hjólinu, Road, Sport og Rain. Mælaborðið er með fjögurra tommu margmiðlunarskjá og öll ljós þess eru díóðuljós. ■

Shoei-hjálmur með skjá á skerminum

njall@frettabladid.is

Shoei-hjálmaframleiðandinn er að koma með nýjan tilraunahjál sem verður með skjá sem kastar mynd upp á glerið á hjálminum. Hjálmurinn kallast Opticson og notar sömu tækni og notarast er við í bílum. Það er þó ekki eins einfalt og í bílum að koma með svona tækni því skermurinn er sífellt á hreyfingu og mjög nálægt notandanum.

Hugmyndin er að senda einföld skilaboð til ökumannsins svo að hann þurfi ekki að taka augun af veginum á meðan, en það eru atriði eins og hraði, í hvaða gir hjólíð er og svo framvegis. Möguleiki er að við sjáum fullkomnari útgáfu í keppnum þar sem fleiri skilaboð þurfa að ná til ökumannsins, en Shoei sér til dæmis Marc Marquez, Toprak Razgatlioglu og John McGuinness fyrir hjálumum. ■



Hjálmurinn kallast Opticson og kastar mikilvægum upplýsingum á skerminn.



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

Líflegra hár, sterkari neglur og mýkri húð

Karólína Natalia Karlsdóttir hefur alla ævi glímt við þurra húð, þunnt og líflaust hár og lélegar neglur. Hún byrjaði að taka inn bætiefnið Húð, hár og neglur frá ICEHERBS og finnur gríðarlegan mun.

„Þetta hefur alltaf fylgt mér. Ég hef alltaf verið með mjög þunnt og fingert hár sem var lítið líf í. Það lá frekar flatt og var sleipt viðkomu. Ég fann það líka sérstaklega eftir að ég fór að eldast og hárlösið varð enn meira en áður.“ segir Karólína, sem er 41 árs og starfar við sölu- og markaðsmál hjá Sólár ræstingu. Karólína fór meðal annars í sérstaka hármeðferð sem hafði ekki þau áhrif sem hún vonaðist eftir. „Neglurnar voru að sama skapi alltaf lélegar. Þær tættust upp og ég þurfti alltaf að passa að hafa þær stuttklipptar og setja á þær naglaklak til að styrkja þær. Svo var ég líka alltaf þurr í framan. Maður finnur það sérstaklega þegar maður er að meika sig eða púðra, þá kemur gróf áferð og þurrka-blettirnir verða meira áberandi. Ég hafði prófað alls konar rakakrem en ekkert var nógu öflugt.“ segir Karólína.

Það var ekki fyrr en Karólína byrjaði að taka inn Húð, hár og neglur bætiefnið frá ICEHERBS, sem hún fór að finna almennilegan mun á húðinni, sem og hári og nöglum. „Ég sá þetta bara á sölustandi í búðinni og greip með mér. Þetta var eitthvað nýtt sem ég hafði ekki séð áður og ég ákvað að prófa.“ segir Karólína um Húð, hár og neglur frá ICEHERBS.

Fann mun áður en glasið kláraðist

„Það tók smá tíma fyrir mig að finna mun en ég man að þegar ég



Karólína sér ekki eftir að hafa prófað húð, hár og neglur, bætiefnið frá ICEHERBS. Hárið er nú þykkara, húðin mýkri og neglurnar mun sterkari.

var búin með eitt glas af þessu þá hafði ég fundið nægan mun til að kaupa annað glas og halda áfram. Það er nú komið tæpt ár síðan ég keypti fyrsta pilluglasið og ég finn mjög mikinn mun á húðinni, en líka nöglum og hári. Ég er ekki þurr í framan í dag og fæ ekki lengur þurrkaletti. Ég nota sömu snyrtivörur og áður og þær gefa mér núna jafna áferð á húðina.

Neglurnar eru líka mun sterkari en áður og þær tæst ekki lengur upp. Svo er hárið mun þykkara og líflegra. Ég finn að ég fer minna úr hárum og hárgreiðslukonan mín segir mikinn mun á mér. Ég er að fá

„Ég tek eitt hylki á morgnana með vítamínunum og lýsinu. Einfaldara verður það ekki. Ég finn að þetta hefur áhrif á húðina, hárið og neglurnar og það kemur ekki til greina að hætta að taka þetta inn.“

Karólína Natalia

fullt af nýjum hárum, sérstaklega að framan. Ég finn það líka sjálf að hárið er heilbrigðara.“

Bætiefnið kemur í hylkjaformi og er einstaklega þægilegt inntöku. „Ég tek eitt hylki á morgnana með vítamínunum og lýsinu. Einfaldara verður það ekki. Ég finn að þetta hefur áhrif á húðina, hárið og neglurnar og það kemur ekki til greina að hætta að taka þetta inn.“ segir Karólína.

Náttúruleg blanda úr íslenskum þörungum

Húð, hár og neglur er öflug og náttúruleg þarablanda úr íslenskum



sæþörungum. Hylkin eru stútfull af steinefnum og vítamínunum sem hafa ríkuleg áhrif á húð, hár og neglur. Sæþörungur eru þekkir sem ofurfæða hafsins. Þörungur eru þekktir fyrir virk áhrif sín á húð, hár og neglur. Þeir hafa gríðarlega hreinsandi áhrif á líkamann og innihalda ríkulegt magn steinefna og trefja ásamt jödi.

Húð, hár & neglur frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsvörurverslunum, Hagkaupum, Nettó og Fjarðarkaupum. Sjá nánar á iceherbs.is.

Aldrei of seint að bæta lífsstílinn



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Það er alveg sama hvernig fólk hefur farið með sig í gegnum ævina og hvernig lífsstíllinn er, það er aldrei of seint að gera jákvæðar breytingar til að bæta heilsuna og auka bæði lífsgæði og lífslíkur.

Sífelld fleiri rannsóknir benda til þess að heilsunni þurfi ekki endilega að hraka með aldri. Í nýlegri grein sem birtist á vef The Telegraph var fjallað um þessar rannsóknir og prófessor í öldrunarfræði gaf góð ráð varðandi lífsstílsbreytingar sem henta fólki yfir sextugu.

Í fyrra kom út rannsókn sem var unnin við Johns Hopkins-háskóla í Bandaríkjunum þar sem fylgst var með yfir sex þúsund manns á aldrinum 44-84 ára í meira en sjö ár. Fólkið sem gerði jákvæðar lífsstílsbreytingar, eins og að bæta mataræði, hætta reykingum og byrja að hreyfa sig, jók lífslíkur sínar um 80 prósent.

Háskólinn í Bergen gaf líka út stóra rannsókn nýlega þar sem kom fram að með því að tileinka sér hollt mataræði við sextugt sé hægt að lengja lífið um næstum áratug. Jafnvel þó að breytingin sé ekki gerð fyrr en við 80 ára aldur er hægt að bæta þremur árum við lífslíkur sínar, segja rannsakendur.

Líkaminn getur breyst alla ævi
Rose Ann Kenny, sem er prófessor í öldrunarfræði við Trinity-háskóla í Dublin, segir að það sé hægt að gera ýmislegt til að halda líkamanum yngri en aldurinn segir til um. Hún segir að fólk á fimmtugs- og



Það er aldrei of seint að gera jákvæðar breytingar á lífsstílnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

sextugsaldri ætti að einbeita sér að því að byggja upp góð vinnubönd, því það verði minna um að fólk kynnist nýju fólki þegar það eldist og að fólk eigi að hreyfa sig meira á hverju ári eftir sextugt. Hún ráðleggur fólki líka að passa upp á hitaainingarnar sem það innbyrðir. Hún segir að þegar fólk segir sjálfu sér að það sé of seint til að byrja sé einmitt rétti tíminn til að hefjast handa og líkaminn geti breyst og endurnýjast allt fram á tíræðisaldur.

Lífsstílsbreytingar fyrir sextuga
Prófessor Kenny er með sjö uppástungur að lífsstílsbreytingum sem er hægt að gera eftir sextugt sem

stuðla að lengra og betra lífi.

Í fyrsta lagi ráðleggur hún fólki að tileinka sér hið svokallað Miðjarðarhafsmataræði. Hún segir að ein besta leiðin til að lengja lífið sé að borða lítið eða ekkert rautt kjöt, sleppa mettaðri fitu og sykri og borða mikið af heilkorni, ávöxtum, grænmeti, sjávarfangi, baunum, hnetum og ólífuolíu.

Hún segir að það hafi margoft komið í ljós að unnið kjöt eins og pylsur og beikon flýti fyrir öldrun. Rannsóknir frá Kína benda til að slíkur matur sé leiðandi orsök ýmissa banvænna sjúkdóma og geti minnkað lífslíkur og truflað svefn. Aftur á móti getur feitur fiskur verið mjög hollur.



Prófessor Kenny segir að þegar fólk segir sjálfu sér að það sé of seint að byrja sé einmitt rétti tíminn til að hefjast handa.

Hún mælir líka með því að fólk borði ekki mikið og bendir á rannsóknir sem gefa til kynna að hollt og hóflegt mataræði geti læknað sykursýki 2. Hún segir líka að það geti verið hollt að borða allar máltíðir dagsins í átta klukkustunda glugga yfir daginn því það lækki blóðsykur og minnki bólgur.

Kenny bendir líka á að það sé mikilvægt að fæðra góða magafloðu og að fólk geti breytt henni til hins betra á adeins örfáum dögum, óháð aldri. Hún bendir fólki á að reyna að borða litríkan mat og nefnir sérstaklega hindber, vínber og gerjadan mat eins og kimchi.

Kenny hvetur fólk til að takmarka áfengisneyslu en vill samt ekki meina að fólk þurfi að gerast bindindismenn. Hún bendir á að til séu rannsóknir sem sýna gagnsemi þess að drekka eitt eða tvö rauðvinsglós á dag með einhverjum sem manni þykir vænt um.

Kenny segir að það að byrja að stunda líkamsrækt á miðjum aldri geti aukið lífslíkur jafn mikið eins og að byrja ung, en bendir á að mótstöðuþjálfun sé ekki síður mikilvæg en þolþjálfun og þjóni mikilvægi hlutverki við að halda beinum og vöðvum sterkum.

Með aldrinum breytist svefnmynstur og fólk sefur minna, svo margir vilja leggja sig á daginn, sem Kenny segir að sé í góðu lagi. En hún ráðleggur fólki að sofa ekki í meira en 20 mínútur og að leggja sig ekki eftir klukkan þrjú á daginn, því annars truflist svefnmynstrið, sem dregur úr orku og lætur fólki líða eins og það sé eldra. ■

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUD ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-15,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 788 1590

Heilsuvörur



gott cbd.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

JS LJÓSMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI | SLÁTTUVÉLAÞJÓUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Óskum eftir starfsmönnum í sumarstarf og heilsársstarf, við viðgerðir á sláttuvélum, smávélum, sláttutraktorum og fl. Uppl. í s. 554 0661 699 2505



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi deiliskipulag:

Vonarland L192498 – Deiliskipulag frístunda og landbúnaðarsvæðis.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 27. apríl 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Vonarland L192498, í Árborg. Deiliskipulagstillagan tekur til byggingar tveggja íbúðarhúsa, skemmu og gestahúss auk núverandi húsa. Landeigandi hefur undanfarin ár verið með nokkur fristundahús til útleigu og einnig tjaldsvæði. Stefnt er að frekari uppbyggingu og fastri búsetu með byggingu íbúðarhúss. Aðkoma að svæðinu er af Gaulverjabæjarvegi nr. 33 og Grundarvegi nr. 3145. Í gildandi aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 er svæðið skilgreint sem frístundasvæði og landbúnaðarsvæði, en í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, sem er í vinnslu, verður svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Í samræmi við 43. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á deiliskipulagi:

Byggðarhorn Búgarðar – Breyting á gildandi deiliskipulagi

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 27. apríl 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi lóða í Byggðarhorni, Árborg. Deiliskipulagið var upphaflega staðfest í B-deild Stjórnartíðinda nr. 482, 16. maí 2007 og hafa tvær deiliskipulagsbreytingar verið staðfestar síðan; þann 13.12.2007 og 12.05.2014. Áformuð breyting nú er í samræmi við gildandi aðalskipulag Árborgar 2010-2030, þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð íbúðarbyggðar og landbúnaðar, svokallaðri búgarðabyggð. Breyting þessi stuðlar að áframhaldandi uppbyggingu íbúðarbyggðar í Byggðarhorni, með stórum íbúðarlóðum. Lóðarstærðir samræmast viðmiðum sem fram koma í aðalskipulagi Árborgar. Deiliskipulagsbreytingin nær til sjö lóða, nr. 5, 9, 13, 15, 17, 19 og 50. Lóðum 5, 9 og 13 er skipt upp í 3 lóðir og lóðum 15, 17, 19 og 50 er skipt upp í 2 lóðir. Heimilt er að byggja eitt íbúðarhús á hverri lóð eftir breytingu. Fyrir breytingu var fjöldi íbúðarhúsa á þessum lóðum samtals 14 talsins en verður eftir breytingu 17 talsins og fjölga því um 3 hús. Á öðrum lóðum haldast ákvæði óbreytt um fjölda íbúðarhúsa á hverri lóð.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá **4. maí 2022 til og með 15. júní 2022.**

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til **15. júní 2022.**

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
f.h. Antons Kára Halldórssonar
skipulagsfulltrúa
Rúnar Guðmundsson
fulltrúi

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is



Snertilaus handþurrkari




Skiptiborð á vegg



Snertilaus handþurrkari



Sundfata vinda



Fataskápar, munaskápar



Hárpurka upphækkanleg



Vatnsbrunnur á vegg

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTING

Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Kjóssum fólk og flokka til verndar lífi og heilsu



Tryggvi Felixsson
formaður
Landverndar

Við kjörkassana skiptir máli að hafa hugann við náttúruna og hvernig verndun hennar er best borgið.

Hvaða sjónarmið skipta þig mestu máli við sveitarstjórnarkosningar 14. maí nk.?

„Hugsunum hnattrænt, tókum til hendinni heima“ er orðatiltæki sem á vel við þegar kosningar til sveitarstjórna eru á næsta leiti. Verndun umhverfis og náttúru er hnattrænt viðfangsefni og verður ekki leyst nema með viðtækri alþjóðlegri samstöðu. Allar athafnir og allt það hirðuleysi sem einstaklingar og samfélög okkar Jarðarbúa sýna af sér ákvarða niðurstöðuna fyrir Móður Jörð. Hvert og eitt sveitarfélag á Íslandi er þannig bæði hluti af vandanum í umhverfismálum – og lykill að lausninni á þeim sama vanda. Hvernig til tekst skiptir börnin miklu máli, hvernig við búum í haginn fyrir þau, sköpum þeim mannvænt umhverfi sem byggir á sjálfbærum lausnum og framleiðsluháttum.

Umhverfisvernd er því sveitarstjórnarmál! Úrgangur heimila og fyrirtækja, verndun stranda og lífræðilegrar fjölbreytni, loftgæði, frárennsli og losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta eru flókin mál og þau snerta fjölpætta hagsmuni og hafa útgjöld í för með sér. Útgjaldaliðinn er skynsamlegt að leysa með því að beita mengunarbótareglunni; sá sem mengar borgar. Að hafa hömlur á sterkum sérhagsmunum getur verið erfiðara. Til þess þurfa sveitarstjórnir að hafa sterk bein!

Hér á eftir fara fjórar spurningar sem má leggja fyrir frambjóðendur:

Spurning 1 – Úrgangur og hringrásarhagkerfið

Úrgangsmálin eru á forræði sveitarfélaga. Í samanburði við okkar nágranna erum við Íslendingar skussar í þessum málaflokki; mikill úrgangur, endurvinnsla takmörkuð og stærsti hlutinn fer til urðunar. Áralöng umræða og umbætur í smá skömmtum hafa ekki skilað miklu. Nú blasir við að gera þarf mun betur. Samkvæmt breytingum á lögum verður skylt að safna textíl, málmum og gleri í nærumhverfi íbúa. Breytingarnar taka gildi 1. janúar 2023.

Hvað ætla frambjóðendur í þínu sveitarfélagi að gera til að kippa þessu í líðinn?

Spurning 2 – Loftslagsbreytingar og staðbundnar aðgerðir

Að koma í veg fyrir hættulegar breytingar á loftslagi af mannavöldnum er mikilvægasta viðfangsefni

samtímans. Í lögum segir að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu sem innihaldi skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Hvað segja frambjóðendur um loftslagsstefnu sveitarfélagsins, ef hún hefur þá yfirleitt lítið dagsins ljós? Eru áformaðar aðgerðir sýndarleikur eða raunverulegar?

Spurning 3 – Náttúruvernd og brýn nauðsyn

Náttúruverndarlög hafa það markmið að við samskipti manns og náttúru spillist hvorki líf eða land, loft eða lögur. Þá kveða lögin á um vernd tiltekinnar vistkerfa og jarðminja sem forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til. Hér má nefna votlendi, eldvörp, eldhraun, sjávarfitjar og leirur. Stjórnir sveitarfélaga þurfa reglulega að taka ákvarðanir um framkvæmdir sem valda skaða á náttúrunni, t.d. um lagningu vegar yfir votlendi eða um skógarreit, landfyllingu yfir leiru, grænt útivistarsvæði undir mannvirki.

Væri ekki tilvalið að spyrja frambjóðendur hve þungt náttúruverndarsjónarmiðin vega þegar teknar eru ákvarðanir um framkvæmdir – og hvað telst brýn nauðsyn?

Spurning 4 – Loftgæði og nagladekk

Um 60 Íslendingar deyja árlega ótímabært vegna neikvæðra áhrifa loftmengunar á heilsufar. Miklu fleiri glíma við veikindi og vanlíðan vegna loftmengunar. Rannsóknir sýna að bílaumferð á ríkan þátt í loftmengun á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Enn fremur á loftmengun eykst mjög mikið þegar nagladekk eiga í hlut. Reynslan erlendis sýnir að draga má úr notkun nagladekkja og þar með loftmengun án þess að umferðaröryggi minnki. Í Noregi er með góðum árangri beitt gjaldtöku fremur en banni til að takmarka notkun nagladekkja.

Hvernig hyggjast frambjóðendur í þínu sveitarfélagi draga úr loftmengun vegna bílaumferðar?

Við kjörkassana skiptir máli að hafa hugann við náttúruna og hvernig verndun hennar er best borgið. ■

Töfraformúlan



Anna Hildur Guðmundsdóttir
formaður SÁÁ

Engin töfraformúla er til fyrir góðu og hamingjuríku lífi. Margir – þar á meðal höfundur þessa pistils – hafa hins vegar farið í þveröfuga átt, í óheilbriggt samband við áfengi eða önnur vímuefni. Þar ríkir lítil hamingja.

En það er til töfraformúla fyrir því að losna úr þessu óskemmtilega faðmlagi og hún er vel þekkt – að fara í meðferð og viðhalda edrúmennskunni eftir það.

Töfrarnir eru áþreifanlegir. Ekki aðeins fyrir einstaklinginn sem snýr við blaðinu, heldur líka fyrir aðstandendur, vini, samstarfsfólk og í raun allt þjóðfélagið.

Það er mikill feginleiki sem fylgir því að komast í meðferð, að vera komin í öruggt skjól og finna þá trú sem starfsfólkið hefur á að árangur náist, þó svo maður sjálfur finni það ekki. Svo þegar tíminn líður þá áttar maður sig á hvaða starf fer í raun og veru fram í meðferðinni. Galdurinn felst í trú annarra á að árangur náist, því maður sjálfur er svo búinn á því. Þessi trú og þessi stuðningur gefur þann kraft sem þarf til að halda áfram, taka næstu skref.

Starfsfólkið hjá SÁÁ, sem sinnir því þakkláta starfi að aðstoða fólk við að bæta lífsgæðin með breytingu á lífi sínu, finnur ekki síður fyrir töfrunum.

Það er því einkar viðeigandi að nú, þegar Álfasala SÁÁ er að hefjast í 34. sinn, skuli Álfurinn vera í líki töframanns.

Hann minnir svo sannarlega á galdurinn sem felst í því að ná tókum á fíknisjúkdómnum.

Töfrarnir væru ekki þeir sömu ef SÁÁ nyti þess ekki hvað landsmenn taka Álfasólunni alltaf vel. Þær tekjur gera SÁÁ kleift að auka aðgengi að því öflugum meðferðarstarfi sem samtökin halda úti. ■



APOTEK
KITCHEN + BAR

TILVALIÐ Í HÁDEGINU

FISKIVEISLA

3 tegundir af ferskasta fiski dagsins

GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR

Borinn fram með fersku salati, smækki, og citrus beurre blanc.

2.900 kr. á mann

Aðeins framreitt fyrir allt borðið

APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / apotek.is

Merkisatburðir

- 1256** Alexander 4. páfi gefur út páfabréf og stofnar Ágústínusarregluna.
- 1471** Orrustan við Tewkesbury er háð þar sem Lancaster-ætt biður ósigur fyrir York-ætt.
- 1803** Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir frá Sjöunda á Rauðasandi eru bæði dæmd til lífláts fyrir að myrða maka sína árinu áður.
- 1880** **Jón Sigurðsson** forseti og Ingibjörg Einarsdóttir kona hans eru jarðsett í Reykjavík við hátíðlega athöfn.
- 1948** Hvalstöðin í Hvalfirði hefur starfsemi.
- 1979** Margaret Thatcher tekur við embætti forsætisráðherra Bretlands, fyrst kvenna.
- 1981** Hönd er grædd á stúlku eftir vinnuslys, í fyrsta sinn á Íslandi.
- 1986** Solveig Lára Guðmundsdóttir er fyrst íslenskra kvenna til að sigra í prestskosningum.
- 2007** Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs er stofnuð við Keflavíkurflugvöll.
- 2011** Fyrstu tónleikarnir eru haldnir í Hörpu.



Verk Bránda vekja oft en ekki mikið umtal og sitt sýnist hverjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kirkjugarður og kökubod

Bránda Þórarinnsson opnar nýja sýningu í safnaðarheimili Nes-kirkju um næstu helgi þar sem Hólavallagarður er skoðaður frá ýmsum vinklum.

arnartomas@frettabladid.is

Hólavallagarður er viðfangsefni listamannsins Bránda Þórarinnssonar sem opnar nýja sýningu í safnaðarheimili Nes-kirkju næsta sunnudag. Þar verða til sýnis fimmtán málverk sem tengjast kirkjugarðinum með einum eða öðrum hætti.

„Ég bý á Ljósvallagötu og horfi yfir kirkjugarðinn á hverjum degi,“ segir Bránda. „Mér fannst það ríma ágætlega við kirkjuna að vera með sýningu tengda garðinum. Ég hef mikið verið að mála landslagsmyndir í gegnum tíðina og datt í hug að prófa þetta.“

Hólavallagarður er að mati Bránda einn af faglegrum stöðum borgarinnar.

„Miðað við önnur nágrannalönd þá komumst við ekki jafnmikið í snertingu við söguna í nærumhverfi okkar,“ segir hann. „Það var kjörið að hafa þessa vin í borginni sem þema, þar sem sýningin er í safnaðarheimilinu þar sem er mikið um erfidrykkjur og annað.“

Verkin segir Bránda vera blanda af skáldamyndum úr garðinum annars vegar og hins vegar fólkinu sem hvílir þar.

„Ég kafaði í smá heimildarvinnu fyrir sýninguna og hafði gaman af því,“ segir hann. „Það eru þarna fjórar stórar myndir af Klukkna húsinu sem er fyrir miðju garðsins, ein fyrir hverja árstíð, sem mér fannst viðeigandi í samhengi við hringrás lífsins.“

Krassandi kósíkvöld

Auk sýningarinnar hefur Bránda einnig verið önnur kafinn við að mála nýtt verk af endurteknu yrkisefni sínu, Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra.

„Það koma alltaf ný og ærin tilefni til að mála af honum mynd,“ segir Bránda spurður hvort hann sé ekki að fara að verða kominn með nóg af Bjarna. „Það er ekki eins og ég sé með hann á heilanum en þegar hann er alltaf að gera eitthvað af sér þá verð ég að gera mér mat úr því og það höfðu allir svo gaman af hinum verkunum.“

Á fyrri verkum Bránda af Bjarna mátti annars vegar sjá fjármálaráðherrann kyssa hringinn á Þorsteini Má Baldvinsyni, forstjóra Samherja, og hins vegar klæða sig í nábrók. Myndirnar vöktu mikið umtal og sitt sýndist hverjum. En hvað er Bjarna að gera í nýja verkinu?



Börninn og Dauðinn.



Guðrún Odds tekur á móti Þorbjörgu Sveins.



Klukkna húsi í Hólavallagarði (Haust).

„Þetta er kökubod hjá Bjarna þar sem hann er að skreyta köku eins og í kosningauglýsingum fyrri daga,“ útskýrir Bránda. „Nú er þetta Glitnis-kaka og

það má sjá Benedikt Sveinsson, pabba hans, að skammta sér af henni. Svo glittir í Hjalta Sigurjón Hauksson, fjölskylduvin þeirra sem Benedikt tók þátt í að veita uppreist æru fyrir kynferðisbrot. Þetta er bara svona kósíkvöld og kökubod.“

Þá er Bránda með annað verk í bígerð þar sem má finna formenn stjórna-flokkanna í hlutverki þjófóttu bræðranna Kaspers, Jespers og Jónatans sem gerðu garðinn frægan í Kardemommubænum.

„Ég næ kannski ekki að klára þá mynd strax en hún verður tilbúin fyrir kosningarnar.“ ■



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,
Inga Gústavsdóttir
Vikurbraut 3,

lést á hjúkrunarheimilinu Fosshéimur á Selfossi fimmtudaginn 28. apríl. Útför Ingu fer fram frá Víkurkirkju í Vík í Mýrdal laugardaginn 7. maí klukkan 13.

Guðl. Gunnar Einarsson

Gústav Smári Guðmundsson Emilia Guðmundsdóttir
Gunnar Bjarki Guðlaugsson Auður Svansdóttir
og barnabörn.



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir, mágkona og frænka,
Sigrún Hallgrímsdóttir
Furugerði 1, Reykjavík,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi laugardaginn 23. apríl. Útförin mun fara fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 12. maí kl. 13.00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Kristniboðssambandið.

Bryan Allen Smith

Halla Marie Smith

Elisabeth Rökkurdis Mai og Sigrún Rós

Nelly Nguyen

Anton Rafn Ásmundsson

Torfi Dan Sævarsson

Agnes Björg Sigurðardóttir

Valgerður Hallgrímsdóttir

Ármann Snær Torfason

Snærún Tinna Torfadóttir

Anton Smári og óskirður drengur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Guðrún Jóna Árnadóttir

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund þann 17. apríl. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju þann 10. maí kl. 13.00. Innilegar þakkir færur við starfsfólkinu á deild V3 á Grund fyrir góða umönnun.

Björk Nielsdóttir

Sigurbjörg Nielsdóttir

Árni Nielsson

Jens Nielsson

Maria Nielsdóttir

Sverrir Þór Sverrisson

Ólafur Helgi Jónsson

Margrét Eysteinsdóttir

Elisabet María Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

H&H

HEIMILI & HUGMYNDIR

T Í M A L A U S F E G U R Ð



ÁRMÚLI 26, 108 REYKJAVÍK, 108 REYKJAVÍK, S: 5784400
HEIMILIOGHUGMYNDIR@GMAIL.COM, HEIMILIOGHUGMYNDIR.IS

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag** Málefni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknunum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Bíóbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin**
- 21.00 Markaðurinn (e)**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.35 Útsvar 2010-2011** Álftanes- Fjarðabyggð.
- 14.35 Söngvaskáld** Ólöf Arnalds.
- 15.30 Eitt stykki hönnun, takk** þurfum við fleiri hluti?
- 15.55 Öldin hennar** Félag um kvenréttindi.
- 16.00 Á meðan ég man 1996-2000**
- 16.30 Basl er búskapur**
- 17.00 Skólahreysti** Bein útsending.
- 18.00 Landakort** Blóðbankinn.
- 18.05 KrakkaRÚV**
- 18.06 Tölukubbar**
- 18.11 Hrótturinn Hreinn**
- 18.18 Hvolpasveitin**
- 18.40 Krakkafréttir**
- 18.45 Lag dagsins** Eurovision 2022: Noregur.
- 18.52 Vikinglottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.05 Skólahreysti** Bein útsending frá keppni í Skólahreysti. Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.
- 21.05 Kiljan** Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaúrvalinu.
- 21.40 Hádegisspjall Lunsj**
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Kína. Ný heimsskipan China. A New World Order**
- 23.20 Þrælahald nútímans - Þernur í þrældómi Why Slavery? Maid in Hell**
- 00.20 Dagskrárlök**

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.00 Superstore**
- 15.25 MakeUp**
- 15.55 Ræktum garðinn**
- 16.00 The Unicorn**
- 16.30 Spin City**
- 16.30 Spin City**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 No Activity (US)**
- 19.40 The Neighborhood**
- 20.10 Survivor**
- 21.00 Chicago Med**
- 21.50 Wolfe**
- 22.40 Love Island Australia**
- 23.40 The Late Late Show**
- 00.15 Berlin Station**
- 01.10 9-1-1**
- 01.55 NCIS. Hawaii**
- 04.00 Tónlist**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.20 The O.C.**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Claws**
- 10.10 Masterchef USA**
- 10.50 Margra barna mæður**
- 11.15 Fósturbörn**
- 11.35 Matargleði Evu**
- 12.05 Um land allt**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Ísskápastríð**
- 13.25 Gulli byggir**
- 14.05 The Cabins**
- 14.50 Líf dafnar**
- 15.40 Framkoma**
- 16.10 Last Week Tonight**
- 16.40 Ireland's Got Talent** Írsku útgáfan af þessum stórskemmtilega skemmtipætti fyrir alla fjölskylduna.
- 17.25 Bold and the Beautiful**
- 17.50 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Fávitar**
- 19.30 10 Years Younger in 10 Days**
- 20.15 The Good Doctor**
- 21.00 Outlander**
- 22.00 Gentleman Jack**
- 23.00 Nach**
- 23.25 The Blacklist**
- 00.10 Girls5eva**
- 00.40 NCIS. New Orleans**
- 01.20 The Gloaming**
- 02.15 A Black Lady Sketch Show**
- 02.40 The O.C.**
- 03.20 Claws**
- 04.10 The Cabins**

Bíóbærinn rýnir í góðar ræmur

Bíóbærinn er á sínum stað í dagskrá Hringbrautar í kvöld en þar ráða ríkjum kvikmyndunendurnir Árni Gestur og Gunnar Anton sem eru vanir því að fá til sín góða gesti til að rýna í góðar ræmur. Þá verður eins og vanalega fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 klandur
5 frostsKemmd
6 goð
8 hætta
10 fyrirtæki
11 fát
12 tegund
13 fokvondur
15 efnismagn
17 dvöl

LÓÐRÉTT

- 1 skammlífur
2 stagi
3 stafur
4 glaður
7 alls
9 ráðgera
12 ýmist
14 viljugur
16 utan

LÁRÉTT: 1 stek, 5 kal, 6 ás, 8 arfata, 10 ms, 11 fúm, 12 sort, 13 æfur, 15 fúmál, 17 stans. LÓÐRÉTT: 1 skammær, 2 tæts, 3 ell, 4 kátur, 7 samtel, 9 áforma, 12 sumt, 14 fús, 16 án.

Sudoku

	5		3					1
			3	6	1		2	9
7			8					
4		7					6	
3				4				1
	1		2	3		4		5
5	7						2	8
	8	2	1	7		5		
		4						

		5			6	7		
1	2	9		7			8	
								9
	3						4	
		6				9	5	
8	7		1		3			
		4		2	9		6	
9		1	5					4
								8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Þriðjudaginn 10. maí gefur Fréttablaðið út sérblaðið

Garðar og hellulagnir

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins

Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



KONUKVÖLD

| FIMMTUDAGINN 5. MAÍ |

FYLGSTU MEÐ  /FJORDUR



KLARA ELÍAS.



BÆJARLISTAMAÐURINN
BJÖSSI THOR
OG UNNUR BIRNA



DADDI DISKÓ



ROKKÓR
ÍSLANDS



HVÍTVÍNSKONAN

BYLGJAN
989

í beinni

VÖRUKYNNINGAR, HAPPDRAETTI & TILBOÐ Í VERSLUNUM

Fjörður verslunarmiðstöð | Fjarðargötu 13-15



Bækur Jóns Kalmans ferðast víða.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Íslenskar bækur á 22 tungumálum

kolbrunb@frettabladid.is

Miðstöð íslenskra bókmennta veitti nýlega 54 styrki til erlendra þýðinga á íslenskum verkum á 22 tungumálum.

Margar bækur sem eru nýkomnar út hérlendis rata nú til nýrra lesenda erlendis. Þar má nefna skáldsögu Friðu Ísberg, Merkingu, sem kom út síðasta haust en von er á henni á ensku og þýsku á árinu og Úti eftir Ragnar Jónasson kemur út á ensku. Bók Jóns Kalmans frá 2020, Fjarvera þín er myrkur, ferðast víða en hennar er von á dönsku, þýsku og hollensku. Barnabókin Blokkinn á heimsenda eftir Arndísi Þórarinsdóttur og Huldu Sigrúnu Bjarnadóttur kemur einnig út á dönsku, þýsku og hollensku.



Von er á verkum Ragnars Jónassonar, Evu Bjargar Ægisdóttur, Lilju Sigurðardóttur og Sólveigar Pálsdóttur á ensku á komandi mánuðum.

San Francisco ballettinn hyggst gefa út ávísögu Helga Tómassonar ballettdansara eftir Þorvald Kristinsson í enskri þýðingu og hlýtur þýðingin hæsta styrkinn að þessu sinni, ásamt þýskri þýðingu á verki Jóns Kalmans, Fjarvera þín er myrkur.

Von er á verkum Ragnars Jónassonar, Evu Bjargar Ægisdóttur, Lilju Sigurðardóttur og Sólveigar Pálsdóttur á ensku á komandi mánuðum.

Færeyingar njóta góðs af þýðingavinnu hjónanna Martins Næs og Þóru Þóroddsdóttur, en von er á tveimur íslenskum verkum á færæysku, Öf eftir Auði Övu Ólafsdóttur í þýðingu Martins og Undrum Mývatns eftir Unni Þóru Jökulsdóttur í þýðingu Þóru. ■



Hlynur vann að sýningunni í þrjú ár.

MYND/ADSEND



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Fegurðin og lífið í dauðanum

Sýningin Harmljóð um hest stendur yfir í Svavarssafni á Höfn í Hornafirði. Á sýningunni eru 27 ljósmyndir eftir Hlyn Pálmason sem sýna rotnunarferli hests í náttúru Íslands. Sýningin stendur til 15. maí. Sýningarstjóri er Ástríður Magnúsdóttir.

„Þetta er ljósmyndasería sem ég var nokkur ár að vinna þar sem ég ljósmyndaði hest frá því hann drapst þar til hann var orðinn að mold,“ segir Hlynur sem er myndlistarmaður og kvikmyndaleikstjóri. Spurður hvernig hugmyndin um seríuna hafi kviknað segir hann: „Hestar hafa alltaf verið í kringum mig. Pabbi á marga hesta og dóttir mín er mikil hestakona. Pabbi átti hest sem hét Dropi og drapst úti í náttúrunni og hafði þá búið til hálfgermt mót af sjálfum sér í grasinu. Þá fór ég að hugsa hvernig hann, jörðin og umhverfið hefðu litið út ef við hefðum leyft honum að rotna þarna.“

Þriggja ára ferli

Þegar kom að því að fella varð haltan reiðhest ákveð Hlynur að gera myndaseríu um ferlið. „Hesturinn var felldur við hól hjá nágranna



Myndirnar sýna rotnunarferli hests.

MYND/HLYNUR PÁLMASSON

föður míns. Nágranninn smíðaði fyrir mig járngrind, fjóra metra fyrir ofan jörðu, þar sem ég gat verið, horft á flötinn og myndað allt árið um kring. Ofan frá séð er hestsformið afar fallegt og þannig vildi ég mynda hestinn. Ég byrjaði á að mynda flötinn áður en hesturinn var felldur og ljósmyndaði í ákveðinn tíma og myndaði síðan hestinn eftir að hann hafði verið felldur og

þar til hann var orðinn að jörðu. Þetta ferli tók þrjú ár.“

Fjarlægur dauði

Hlynur segir verkið vera virðingartil til íslenska hestsins. „Mér fannst fallegt að hann skyldi fá að verða að jörðu en um leið og hann hafði verið felldur kom krummi til að plokka út augað og fljótlega fór maður á stjá við hræið og fnykur gaus upp. Þá fór ég að efast og kom ekki auga á neina fegurð. En þegar hesturinn byrjaði að verða að beinagrind og grasið í kringum hann tók að fá líf og fuglar fóru að borða maðkinn og drituðu síðan út um allt þá byrjuðu blóm og jurtir að vaxa. Ég sá hversu jörðin nærðist mikið á hestinum og hversu mikið líf er í hestinum. Í upphafi hafði ég fyrst og fremst verið að hugsa um það hvernig ég gæti fangað árstíðirnar jafnframt rotnuninni. Það sem kom mér á óvart var fegurðin og lífið í dauðanum.“

Myndirnar á sýningunni hafa vakið mikla athygli sýningargesta. „Fólk sér einhverja fegurð í dauðanum. Dauðinn er orðinn fjarlægur í lífi okkar nútímamanna og þess vegna finnst mér að ég hafi haft gott af því að því að sökkva mér ofan í þetta verkefni,“ segir Hlynur. ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Hverfult eðli verkanna

kolbrunb@frettabladid.is

Einkasýning Hreins Friðfinnssonar, Hegðun 10, stendur yfir í i8 galleríi. Á sýningunni má líta verk allt frá árinu 1974 til dagsins í dag, skulptúra, innsetningar, ljósmyndir og verk á pappír. Þessi sýning er fimmta einkasýning Hreins í galleríinu en árið 1995 var opunarsýning i8 einmitt á verkum Hreins Friðfinnssonar. Samhliða sýningunni Hegðun 10 stendur fyrsta safnasýning Hreins á bandarískri grundu yfir í Museum of Art and Design (MOAD) við Miami Dade College í Miami í Flórída og er hún opin til 22. maí.

Hreinn nýtir sér hversdaglegan efnivið til þess að halda áfram stöðugri rannsókn sinni á tíma, umhverfi, frásögn, minni og skilningi. Verk Hreins einkenn-



Verk eftir Hrein Friðfinnsson eru á sýningu í i8.

MYND/ADSEND

ast af áhrifaríkri og endurtekinni tjáningu, nokkurs konar ramma sem er kemur aftur og aftur fyrir í verkum hans. Sýningarstjórinn og listfræðingurinn Hans Ulrich Obrist hefur gefið þessari tjáningu Hreins heitið „tilfinningarík konseptlist“ en Hreinn hefur þann háttinn á í sköpun sinni að draga frekar úr en að bæta við og sækir hann efnivið



Verk Hreins einkennast af áhrifaríkri og endurtekinni tjáningu.

og vísanir í eigin lífsreynslu. Hann notast oft við efni sem eru í eðli sínu mjög brothætt, svo sem gler, lauf, fjaðrir og spegla, sem undirstrikar enn frekar hið skáldlega og hverfulega eðli verkanna.

Hreinn Friðfinnsson fæddist á Bæ í Dölum árið 1943 en hefur búið í Amsterdam allt frá árinu 1971. Hann var fulltrúi Íslands á Feneyjartvíæringnum árið 1993 og árið 2000 hlaut hann hin mikilvægu verðlaun Ars Fennica. ■

KARAKTER
KONUR

gs skór

20%

AF ÖLLU

miðnætur
OPNUN
Smáralind

TILBODIN GILDA Í ALLAN DAG
OPIÐ FRÁ KL. 11.00 - 24.00

Kultur
menn

TILBODIN GILDA EINNIG INN Á NTC.IS

Ritari FÁSES spáir Íslendingum fjórða sæti

ninarichter@frettabladid.is

Í dag eru tíu dagar í úrslitakvöld Eurovision-keppinnar. Meðlimir FÁSES, Félags áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, eru í startholunum og er hópur félagsmanna staddur í Tórinó þegar þessi orð eru rituð.

Ritari FÁSES, Andrés Jakob Guð-

jónsson, ætlar að fylgjast með keppninni frá Íslandi þetta árið. Hann er bjartsýnn á gengi íslenska framlagsins í keppninni.

„Í ár eru mörg lög sem eru þannig að þó það séu ballöður er takturinn hraður;“ segir Andrés Jakob og bætir því við að hann hafi frá upphafi haft trú á að Með hækandi sól í flutningi Systra, komist í úrslit.



Andrés Jakob Guðjónsson, ritari FÁSES

MYND/ADSEND

„Þær eru með þetta karisma og þessa útgeislun,“ segir hann og bætir við að systurnar Beta, Sígga og Elín séu mjög samrýmdar á sviðinu. „Það geislar af þeim fagmennskan og gleðin.“

Andrés Jakob bætir því við að hluti af styrkleika íslenska framlagsins felist í því hvar þau eru stödd í riðlinum. Mikill hraði sé í lögnum

sem koma rétt á undan, sem geri íslenska lagið eftirtektarverðara.

Hann spáir Svíþjóð sigri í ár með laginu Hold me Closer í flutningi Corneliu Jakobs. Hann reiknar með því að TikTok-stjarnan Sam Ryder lenti öðru sæti og Kalush Orchestra frá Úkraínu með lagið Stefania taki það þriðja. Íslandi spáir hann fjórða sæti. ■

Stjörnurnar blómstra í glysi og glamúr á MET gala

Tískuvísustu stjörnur skemmtanabransans vestra komu saman á MET-ballinu í New York um helgina.

ninarichter@frettabladid.is

Bandaríska Vogue talar um veislu ársins, Óskarsverðlaun austurstrandarinnar og stærsta tískukvöld ársins. MET gala, eða Met-ballið, er kennt við Metropolitan Museum of Art í New York, sem er stærsta listasafn á Vesturlöndum.

Stjörnur úr listum, íþróttum, viðskiptalífnum og fjölmiðlum keppast um boð á viðburðinum. Miðinn á ballið er ekki ókeypis, en hann kostar um 300.000 Bandaríkjadali sem umreiknast í kringum fjórutíu milljónir íslenskra króna.

Ballið hverfist um þema á hverju ári, sem þetta árið var: Gilded glamour, sem útleggst á íslensku sem glysi og glamúr. Kim Kardashian vakti mikla athygli í kjól sem upphaflega var saumaður fyrir Marilyn Monroe. Monroe klæddist kjólnum þegar hún flutti afmælisönginn fyrir Kennedy Bandaríkjaforseta. Kjöllinn er almennt talinn einn sá dýrasti í heimi. ■




Söngkonan Lizzo vakti athygli í hönnun Thom Browne.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Tískufróðir gagnrýnendur voru lítið hrifnir af kjól Awkwafina.



Kim Kardashian klæddist kjól af Marilyn Monroe, einum dýrasta kjól heims.



Lila Grace Moss Hack, dóttir ofurfyrirsætunnar Kate Moss.



Tónlistarkværið Janelle Monáe í hönnun eftir Ralph Lauren.



Fyrirsætan Winnie Harlow í hönnun eftir Iris Van Herpen.

TAX FREE

AF ÖLLUM VÖRUM*

LÝKUR Á LAUGARDAG



www.dorma.is

VEFVERSLUN
ALLTAF
OPIN

{ EKKI MISSA AF ÞESSU }

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRDUR

*Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

Holtagöðrum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn ræstast

Framtíð
Downton
liggur í
leyndarmálum
fortíðarinnar



A CINEMATIC RETURN

DOWNTON ABBEY

==== A NEW ERA ====

KOMIN Í BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

ÁLFABAKKI
SAMBÍOIN

SMÁRA BÍÓ

AKUREYRI
SAMBÍOIN

JÚRÓ

MEÐ NÍNU OG INGUNNI



Skannaðu til að horfa

Fréttablaðið hitar upp fyrir Eurovision 2022 í vefsjónvarpi og á samfélagsmiðlum með Júró-stjórnun og álitsgjöfum.

Nína Richter og Ingunn Lára kryfja lögin, spá í spilun og fara yfir allt það helsta sem þarf fyrir fullkomið Júró-party.

Í samstarfi við



Heiðrar minningu dóttur sinnar með tónleikum

Reynir Reynisson skipuleggur stórtónleika á Húrra til að heiðra minningu dóttur sinnar Urðar Pálinu sem lést langt fyrir aldur fram.

tsh@frettabladid.is

Urður Pálinu Reynisdóttir lést aðeins 22 ára gömul um síðustu jól. Faðir hennar, Reynir Reynisson, fékk þá hugmynd að halda tónleika til að heiðra minningu dóttur sinnar sem fara fram á Húrra á fimmtudag.

„Eftir að Urður fellur frá þá er maður náttúrulega alveg bugaður af sorg og harmi og þá skaut svona hugsun upp í kollinn á mér hvernig í ósköpunum væri hægt að snúa þessu upp í eitthvað sem væri jákvætt. Þar sem bæði fjölskyldan og Urður þekktu fjöldann allan af tónlistarmönnum þá poppaði þetta bara upp í hugann á mér tveimur dögum eftir að hún féll frá,“ segir Reynir.

Allur ágóði af tónleikunum rennur óskiptur til Pieta samtakanna sem reyndust Urði mjög vel á sínum tíma og hafa hjálpað bæði fjölskyldu hennar og vinum í kjölfar andlátsins.

„Svo verður þarna á undan tónleikunum og milli laga spiluð hennar uppáhalds tónlist og við erum búin að útbúa boli og myndir með verkum eftir hana sem við ætlum að selja,“ segir Reynir en Urður var einstaklega skapandi og jafnvíg í heimi myndlistar, ljóðlistar og tónlistar.

Þær hljómsveitir sem koma fram á tónleikunum eru HAM, Lucy in Blue, Forsmán og Sucks to be you, Nigel. Hljómsveitirnar gefa allar vinnu sína og að sögn Reynis eru þetta allt sveitir sem tengdust Urði eða fjölskyldu hennar á einn eða annan hátt.

Spurður um hvort Urður hafi sjálf haldið upp á hljómsveitirnar sem koma fram segir Reynir:

„Lucy in Blue er reyndar eina hljómsveitin sem hún missti helst aldrei af tónleikum með og ég gæti alveg ímyndað að hún hefði gaman af Sucks to be you, Nigel. En ég veit ekki með metalinn, hún var nú ekki mikil metalkona en hefði vafalítið bara verið þarna einhvers staðar aftarlega með Lax, lax, lax í eyrunum ef hún hefði verið á svæðinu.“

Vísar hann þar til þekkt



Reynir Reynisson í bol með mynd eftir dóttur hans Urði Pálinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Urður Pálinu Reynisdóttir.

MYND/EINAR JARL BJÖRGVINSSON

atviks úr vinnu dóttur sinnar. Urður hafði þá flúið aftast í salinn á metaltónleikum þar sem hún uppgötvaðist síðar með heyrnar-tól í eyrunum að hlusta á lag Guðmundar Jónssonar frá 1969; Lax, lax, lax.

Að sögn Reynis verður lagt upp úr því að heiðra minningu Urðar með góðri stemningu á tónleikunum sem eru hugsaðir fyrir alla, ekki bara þá sem þekktu Urði.

„Þetta er meira hugsað sem skemmtun og fögnuður heldur en jarðarför og til að minnst hennar á skemmtilegan hátt. Það verður endurbætt hljóðkerfi á staðnum og extra ljósashow og annað. Þetta verður vonandi svolítið grand.“

Tónleikarnir fara fram á Húrra á fimmtudag kl. 21.00. Miðasala er á Tix.is og við hurð. ■

Regndans Verzlinga á Ingólfstorgi

ninarichter@frettabladid.is

Nemendur við Verzlunarskóla Íslands héldu upp á Peysufatadaginn í rigningu í Reykjavík í gær. Aron Orri, nemandi við skólann, segir að árlega sé haldið upp á „Peysó“, þar sem allir mæti í peysufötum, upp-hlut eða gamaldags kjölfötum. Dagurinn hefjist með dagskrá í skólanum og síðan séu rútur teknar niður að Hallgrímskirkju. „Síðan er labbað niður að Ingólfstorgi,“ segir Aron Orri, sem er staddur þar ásamt fríðum hópi samnemenda, sem höfðu nýlokið dansi á torginu.

„Þetta eru tveir mismunandi dansar sem ég man ekki alveg hvað heita,“ segir hann og hlær. Aron Orri segir að næst sé stefnan tekin upp í Háskóla Íslands, þar sem nemendur fara í myndatöku. Myndirnar séu síðan hengdar upp á veggjum skól-



Guðmundur, Aron Orri og Bryndís, nemendur við Verzlunarskóla Íslands, dönsuðu í rigningunni á Ingólfstorgi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/NÍNA

ans. „Svo förum við á Gullhamra þar sem er matur og einhver skemmtiatriði. Síðan er ball í kvöld í Gamla bíó,“ segir Aron Orri.

Aðspurður hvort nemendur hafi fengið langan tíma til að æfa sig, svarar Guðmundur, nemandi úr

hópnum: „Nei, við fengum einn íþróttatíma. Það er smá pressa!“ Spurður hvort það sé stressandi svarar hann að svo sé ekki. „Já, maður má ekki taka sig of alvarlega, heldur bara hafa gaman og dansa með einhverjum vinum sínum.“ ■

KHALID

HÖLLIN Í KVÖLD!

18:00 HÚSIÐ OPNAR. DJ LIL CURLY Í ANDDYRI

19:00 GDRN OG REYKJAVÍKURDÆTUR

20:05 KHALID

21:45 ÁÆTLUÐ LOK*


VÍKING
BRUGGHÚS

WWW.SENALIVE.IS/KHALID


sena
LIVE

* DAGSKRÁ ER BIRT MEÐ FYRIRVARA OG GETUR RÍÐLAST

Bakþankar




Önnu Sigrúnar
 Baldursdóttir

Mamma

„Guð skapaði mömmur af því að hann hafði ekki nógu mikinn tíma sjálfur,“ sagði litill drengur einhvern tíma og hafði rétt fyrir sér. Mæður eru yfirleitt mestu áhrifa-valdar í lífi barna sinna og það er engin tilviljun að þegar ást milli tveggja einstaklinga sleppir eru flest ljóð, lög og sagnir um mæður og sambandið við börn þeirra.

Sjálf er ég eins og margur allra heppnust með mína móður. Ástin, stuðningurinn og hlýjan er sú sama nú þegar ég er komin yfir fimmtugt og hún var þegar ég var barn, unglingur og ung kona. Fátt hefur eins mikla aðlögunar-hæfni og hennar skilyrðislausu móðurást. Það er sama hvað áföll mæta manni, mamma er fyrst á staðinn og síðust heim. Raunar gildir það sama um gleðviðburði, enginn gleðst eins hjartanlega og mamma þegar mér, barninu hennar – barnungu eða rigfull-orðnu – vegnar vel. Þetta þekkjja velflestar mæður og blessunarlega börnin þeirra líka.

Aðstæður mæðra eru þó allavega. Sumar hafa stuðning maka sinna – en aðrar standa nánast einar og óstuddar í þessu mikilvæga hlutverki. Það er engin tilviljun að það voru mæður sem stofnuðu Mæðrastyrksnefnd til að styðja mæður og börn sem misst höfðu fyrirvinnu sína. Riflega 80 árum síðar var stofnaður Menntunarsjóður Mæðrastyrksnefndar sem styður tekjulágar mæður/konur til náms, svo þær geti bætt framtíðarhorfur sínar og barna sinna. Nú hefur sjóðurinn sólu á fallegum kertum með leyniskilaboðum til styrktar starfsemi sem tilvalið er að lauma til mömmu á sjálfan mæðradaginn, 8. maí. Upplýsingar má finna á heimasíðu Mæðrastyrksnefndar. Mamma er best. ■



Valdís Steinars x 66°Nordur

Þrjár innsetningar
Flétta – Erm – Valdís Steinars

Hönnunarmars. 5.–8. maí. Laugavegur 17-19.
 Opnun 5. maí 16:00-18:00.



pappír
umhverfið
prentun



LITRÓF
 UMHVERFISVÆN
 PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
 litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is